

Frásagnir úr

# Lækjarseli

Vignir Bjarnason 2019

---



ISBN 978-9935-24-584-7

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Landið.....	4
Sveitarfélagið.....	6
Lækjarsel.....	7
Samgöngur.....	7
Neysluvatn.....	9
Rafmagn.....	9
Kýraugastaðir.....	11
Víkingslækjarætt.....	13
Skrifarinn mikli í Skarfanesi.....	15
Ættarleggurinn.....	18
Aðrir ættleggir.....	21
Bjarni Björnsson (Bjarni Bjarnarson).....	23
Afkomendur.....	30
Niðurlag.....	32
Heimildaskrá.....	33

# Inngangur

Lækjarsel er ekki nema 100 km frá Reykjavík og hægt að komast þar á milli á innanvið 90 mínútum á góðum bíl að sumarlagi. Þá er keyrt sem leið liggur yfir Hellisheiði, framhjá Hveragerði yfir Ölfusá og framhjá Selfossi og síðan yfir Þjórsá. Þá er komið inn í Ásahrepp og síðan Rangárþing Ytra og leiðin í Lækjarsel farin að stytast. Þegar kemur að Landvegamótum þá á maður val að keyra upp Landveginn eða halda áfram á Hellu. Ef haldið er áfram eftir Suðurlandsveginum og komið yfir Ytri-Rangá og til Hellu, þá erum við komin of langt og höfum farið framhjá Árbæjarvegi. Oftast er beygt upp Landveginn og síðan inn á Árbæjarveg við Köldukinn þar til komið er að Nónhól. Þar tekur við Bjallavegur í gegnum Austvaðsholt, yfir Selsgil, framhjá Neðra-Seli og gamla Efra-Seli og að heimreiðinni að Lækjarseli. Þá eru eftir 2 km að hlaðinu á Lækjarseli.

Hér á eftir koma frásagnir og lýsingar á Lækjarseli og næsta umhverfi ættaróðalsins. Innvið í frásögnina koma sögur af fólki og þá aðallega því sem tengist höfundi. Eru tilvísanir í heimildir þegar upplýsingar koma ekki frá fyrstu hendi.

# Landið

Jarðfræðisaga Suðurlands nær aftur mörg árpúsund. Talað er um hreppamyndunina með um 5-10° halla frá því fyrir 800.000 til 3.000.000 ára. Sést bergið í dag við Urriðafoss og nýju brúna yfir Þjórsá svo og við Kálfholt. Í Holta- og Landsveit er að finna svokölluð hlýskeiðshraun um 100.000-200.000 ára gömul. Ofan á þetta er að finna setlög frá síðjökultíma og finnast þau í formi jökulurðar, sjávarsets, straumvatnssets og foksands. Síðasta framrás Suðurlandsjökuls í Ísaldarlok fyrir um 10.000 árum, skildi eftir sig jökulruðning víða á Suðurlandi. Meginefni garðanna er fingerður sandur og méla og tók þá við sandblástursskeið þar sem gríðarmiklir sandskaflar og foksandlög runnu saman í sandstein. Þjórsárhraunið mikla rann fyrir um 8600 árum og lokaði að mestu fyrir sandfokið og er þetta hraun það stærsta sem brunnið hefur hér á landi, bæði að flatarmáli og rúmmáli og það stærsta á sögulegum tíma í heiminum. Talið er að upptökin hafi verið á Veiðivatnasvæðinu. Hraunið rann um mestan hluta Landsveitar auk annarra svæða á Suðurlandi og er meðalþykkt þess um 25 m í Landsveit. (Gísli Gíslason, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Guðrún Lára Sveinsdóttir, 2018). Eftir að hraunið rann hlóðst upp jarðvegur ofaná hraunið og við landnám var gróðursæld mikil með víðáttumiklum birkiskógum. Líklega var jarðvegsþykktin 1-4 m (Sturla Friðriksson 1988, Guðmundur Árnason, 1958). Þarna ofarlega í Landsveitinni gætir úrkomu ekki eins mikið og neðar í landinu og úrkoma hvarf oft fljótt niður í jörðina vegna hraunsins sem undir var. Svo virðist sem grunnvatnsflæðið undir hrauninu sé nokkuð flókið og vatnaskil séu á milli Minnivallalækjar og Tjarnarlækjar í hrauninu. (Árni Hjartarson 2016). Við landnám var landið skógi vaxið milli fjalls til fjöru. Landnámsmenn komu með búfénað til landsins sem þeir beittu á skógana og hjuggu skóginn í eldivið og ruddu hann fyrir gras og kornrækt. (Sturla Friðriksson 1996). Á þeim tíma voru helstu sandar við ströndina en hálendið var grösugt lengst inn til landsins. Þingreið var því oft þvert yfir landið; Þingeyingar og Eyfirðingar yfir Sprengisandsveg og Austfirðingar ferðuðust norðan jökla. Víða voru því grónir hagar inn til landsins þar sem nú er auðn og öræfi. (Arnór Sigurjónsson 1958). Með því álagi sem búfjárbreit hafði á landið auk tíðra áfalla að völdum eldgosa fór landið að láta á sjá. Ekki bætti úr skák að veðurfar fór kólnandi þegar á 14. öld og þá einkum á ofanverðri 16. öld.

Hekla er næsta eldfjall við Landsveitina og hafði þar hvað mest áhrif á gróðurlendið. Eftir landnám varð erfiðara fyrir gróðurinn að rétta sig af eftir eldgos og hafi Heklugosin 1300, 1341, 1389 stuðlað að jarðvegsrofi og það hafi síðan ágerst með Heklugosinu 1693. (Arnór Sigurjónsson 1958). Heklugosið 1636 getur líka hafa átt hér hlut að máli (Guðmundur Árnason, 1958). Faulk mestan jarðveg ofan af Þjórsárhrauni, byrjaði efst og

hélt áfram niður Landsveitina. Uppblástur var víða um land, t.d. á efri hluta Rangárvalla og Árnessýslu en líklega hvergi eins mikið sunnan heiða en í Landsveitinni. Einnig hófst uppblástur af völdum ágangs manna og húsdýra neðar í Landsveitinni, t.d. á milli Þjórsár og Rangár (Guðmundur Árnason 1958). Heimildir eru frekar af skornum skammti fram til byrjun 18. aldarinnar, sérstaklega um ástand afrétta. Hægt er að leita til annála (uppskrift á því helsta sem gerist á hverju ári) en taka verður frásögn þeirra með varúð, þar sem þeir eru stundum ritaðir eða endurritaðir löngu eftir að atburðirnir gerðust. Lærðir menn hafa þó reynt að meta sannleiksgildi þeirra en samkvæmt þeim voru árin 1693-1702 mikil harðindaár á Íslandi með miklu mannfalli og víða hafis við land. (Jón Steffensen, 1957). Í kjölfarið, 1703, var gert fyrsta manntal heillar þjóðar í heiminum. Og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín kom þar í kjölfarið. Voru þeir að skrá í Rangárvallasýslu um 1710-1711. Veðrið lagaðist síðan en um 1760 kom fjárkláði og Hekla gaus 1766 (sama vindátt og 1693). Þurfti að skera niður heilmikið búpening á árunum 1772-1779. Síðan byrjuðu Skaftáreldar 8.6.1783 og stóðu fram í febrúar 1784. Í Skaftáreldum varð mesta hraunrennsli í einu gosi á jörðinni á síðasta árpúsundi. Veturinn var harður um alla Evrópu að völdum gossins og talið er að það hafi hjálpað til með að koma frönsku byltingunni af stað (1787 höfðu tekjur franska ríkisins dregist saman og lagðir voru á nýir skattar). Á Íslandi dó búfé og hungursneyð ríkti og voru kölluð Móðuharðindin eftir gosmóðunni frá gosinu en hún var rík af brennisteinssamböndum. Talið er að sauðfé hafi fækkað um allt að 80%, hrossum um 60% og nautgripum um 50%. Þessar hörmungar kostuðu meira en 10.000 manns (rúmlega 20% þjóðarinnar) lífið. 19. öldin var síðan rólegri framan af en gróðureyðingin á afréttum hélt áfram og hófst síðan einnig í byggð. Á þessum tíma voru menn háðir eldivið til eldunar og hitunar híbýla svo erfitt var að láta trjáviðinn í friði. Búfénaðurinn hafði um áhrundruð gengið sjálfala í skóginum og var hann sólginn í nýgræðinginn svo skógurinn lét undan. Árskógur var á afréttum Landmanna og Landskógar var víðáttumikið landsvæði, skógi vaxið, efst í Landsveit, að hluta almenningur. Eftir því sem árin liðu og skógarítök urðu fátíðari varð meiri ásókn í þann skóg sem eftir varð og eyddust Landskógar af skógarhöggi, beit, uppblæstri og áfoki. Í kjölfarið eyddust efstu bæirnir í Landsveit um 1834-1836. (Guðmundur Árnason, 1958). Um 1880 voru Landskógar gjöreyddir (Friðrik G. Olgeirsson, 2007) en landeyðingin hélt áfram. Fyrst er moldarlag sem blæs upp en meðan á því stendur gengur eyðingin af fokinu seint og sprettur oftast upp úr blástursmoldinni. Síðan er blásvalt ösku- eða brunasandlag í moldinni, misjafnlega þykkt og svo öðru hvoru hvítt vikurlag. Áfokið af vikursandinum er mikill eyðingarmáttur því þar sem hann kemur á grasrót brennir hann úr allan gróður og fylgir honum einnig mikil óhollusta fyrir menn og dýr. Í mestu sandveðrum verður vatn ódrekandi í lækjum af brennisteinsbragði. (Jónas Jónasson, 1885).

## Sveitarfélagið

Í dag tilheyrir Lækjarsel sveitarfélaginu Rangárþingi Ytra en það varð til árið 2002 þegar Holta- og Landsveit, Djúpárhreppur og Rangárvallahreppur sameinuðust. Áður höfðu Holtahreppur og Landmannahreppur sameinast árið 1993 í Holta- og Landsveit. Áfram er þrýstingur um sameiningu og líklegt að Ásahreppur sameinist á komandi árum. Ásahreppur varð til við skiptingu Holtamannahrepps hins forna árið 1892. Djúpárhreppur (Þykkvabær og nágrenni) klauf sig frá Ásahreppi árið 1936. En í Landnámu kallaðist þetta svæði Þjórsárholt og voru landnámsmenn þessir; Efsta hlutann nam sá maður er Þorsteinn lunan hét, norrænn maður og kristinn og við hann er ennþá kenndur bærinn Lunansholt. Þar fyrir neðan nam land Áskell hnokan, sonur Dufpaks, Dufnialssonar Kjarvalssonar Írakonungs. Landnám hans var á milli Þjórsár og Steinslækjar og bjó hann í Áskelshöfða en ekki er vitað hvar sá bær stóð (líklega í Ásahreppi). Fyrir austan Áskel námu land bræður tveir keltneskir, Jólgeir og Ráðormur. Jólgeir nam land milli Steinslækjar og Rauðalækjar og bjó á Jólgeirsstöðum. Ráðormur eignaðist land fyrir austan Rauðalæk að Rangá og bjó í Vetleifsholti. Staðsetning Jólgeirsstaða er talin þekkt en þar á að hafa staðið steinkirkja að keltneskum sið en steinar hennar notaðar í brú yfir Steinslæk. Nokkur munnmæli eru til um Jólgeir og tengist ein þeirra Arnkötlustöðum, neðsta bænum í Holta- og Landsveit. Hún er áhugaverð höfundur því hann á ættir að rekja til Arnkötlustaða og dvaldi þar mörg sumur. Jólgeir átti tvær dætur, Arnkötlu og Beru og við þær eru tveir bæir kenndir. Munnmælin herma að þeim systur hafi ekki komið sérlega vel saman og kvað svo rammt að þessu að þær vildu ekki sækja sömu kirkju. Þær héldu hvor um sig, að hin mundi fara til Áskirkju því þangað var miklu skemmst að fara. En til þess að vera viss um að lenda ekki í sömu kirkju og systirin, fór Bera til Kálfholtskirkju enda þótt þangað væri 3-4 sinnum lengri leið en að Ási, en Arnkatla fór til Árbæjarkirkju þótt þangað væri 4-5 sinnum lengri leið en að Ási. Þess ber að geta að dætur Jólgeirs hafa verið látnar löngu áður en kirkjur voru reistar á þessum stöðum (Árni Óla 1962).

# Lækjarsel

Árið 1972 var skipt úr landi Efra-Sels um 15 hektara landskika á Klofanum við Bjallalæk. Þessi landskiki var hluti af arfi Steinnunar Bjarnadóttur eftir foreldra sína, Bjarna Björnssonar bónda í Efra-Seli og konu hans Margrétar Einarsdóttur. Bjarni dó 8.1.1943 en Margrét rúmlega 3 árum síðar eða 13.12.1946. Þetta voru fyrstu skipti jarðarinnar eftir að Margrét kláraði yfirskipti á milli Bjalla, Efra-Sels og Neðra-Sels 3.7.1945. Margrét var af Víkingslækjarætt en langafi langömmu hennar var Bjarni Halldórsson á Víkingslæk ættfaðir Víkingslækjarættarinnar. Bjarni Halldórsson keypti Kýraugastaði eftir að þeir fóru í eyði og skipti þeim upp í 3 jafna parta (10 hundruð hver jörð). Sonur hans, Jón eldri var orðinn bóndi í Efra-Seli áður en hann dó og við erfðaskiptin, 1757, eignaðist hann jörðina. Bræður hans erfðu Neðra-Sel, Bjallan og Tjörfastaði. En meira um það síðar.

Björn Bjarnason bróðir Steinunnar og síðasti bóndinn á Efra-Seli dó 27.8.1998 32 árum eftir að hann hætti búskap, 1966. Þar bjó hann í burstabæ þar sem heimilisfólk og gestir sváfu í baðstofunni. Enginn tók við búi svo 7 árum eftir andlát hans eða 2005 skiptu börnin fimm, Efra-Seli á milli sín þannig að Baddi (Guðbjartur) hélt 3/5 hluta (Efra-Sel I), Ninni (Indriði) 1/5 (Efra-Sel II) og Didda (Margrét) 1/5 (Efra-Sel III). Síðar sama ár var Steinunnararfi skipt upp í 3 hluta; Lækjarsel (Bjarni), Sel (Didda (Sólveig)) og Steinkusel (Ketill Arnar). 13 árum síðar er búið að skipta Efra-Seli í yfir 30 landskika. Lækjarseli var skipt upp í 4 lóðir, hver um 1,2 hektarar og gengu til okkar bræðra. Elfar, Skúli og Aron fengu lóðir sínar strax en ætlað er að höfundur fái sína lóð síðar.

## Samgöngur

Hér í inngangi er ferðalýsing nútímans á leið í Lækjarsel. Leiðin hefur aldrei verið svona auðveld og verður kannski ekki svona auðveld í framtíðinni þar sem hráefnisskortur, mengun og veðurbreytingar sjást við sjóndeildarhringinn. Reyndar þarf ekki að fara mjög langt aftur í tímann til að kynnast algjörlega breyttum aðstæðum. Tímalengdin er reyndar afstæð, mér þótti allt sem gerðist áður en ég fæddist mjög langt síðan og í eldgamla daga. En þegar nánar er að gáð, þá er einn áratugur eða tveir ekki langur tími, þegar horft er aftur í eigin lífi og ef sá mælikvarði er settur á tímann áður en maður fæddist, þá færast gamli tíminn nær manni. Hringveginum var lokað 1974 og lokið var við veginn til Selfoss 1972 og hann lagður bundnu slitlagi. Nú síðustu ár hafa akgreinar verið aðskildar yfir Hellisheiði og verið að gera slíkt hið sama frá Hveragerði og til Selfoss. Brú yfir Ytri-Rangá kom 1912 og fyrstu húsin á Hellu voru byggð 1927 (Þorsteinn Oddsson 1987). Ef aðeins er skyggst lengra aftur, þá var Þjórsárbrúin við Þjórsártún tekin í notkun 1895 (Sigurður

J. Sigurðsson 1987). Upp úr því fer Suðurlandsvegurinn að þokast austur og byrjað var á Landveginum 1907. Árbæjarvegurinn kemur eftir 1950. Þegar foreldrar mínir hófu byggingu Lækjarsels 1970, var leiðin töluvert erfiðari, t.d. var brúin yfir Selsgil ekki á uppfyllingu eins og nú er og var brekkan niður að henni svo brött að menn fengu í magann þegar niður var keyrt. Vegurinn á Klofanum, frá Bjallavegi og niður að Lækjarseli, var moldartroðningur og var keyrt eftir Messugrófinni síðasta spölinn þar sem hliðið var inn á Steinunnararfinn. Síðar var hliðið fært upp á hæðina við hliðina. Eftir að Steinunnararfi var skipt upp voru byggðir nýir vegir og Selvegurinn færður að landamörkum að beiðni Margrétarbarna. Fram að þeim tíma var eingöngu dvalið á sumrin í sveitinni þó vetrarferðum hafi fjölgað þegar á leið. Elfar og Bjarni, fóru ófár ferðir eftir ofaníburði í veginn auk annarra sem komu með ofaníburð í skiptum fyrir girðingarvinnu sem Elfar og Bjarni sáu um en á þeim tíma hélt Bjarni tvo hesta, Blakk og Faxe, þó að nafninu til hafi Skúli og Aron fengið þá í fermingargjöf. Alla tíð hefur Bjarni séð um viðhald girðingarinnar á Steinunnararfi og jafnvel eftir að hann var kominn á níræðisaldur voru menn að biðla til hans um viðgerðir á girðingunni, til að halda henni fjárheldri. Í tengslum við færsluna á veginum þá voru gerðar endurbætur á veginum og fenginn verktaki til að setja malarlag yfir moldarslóðina. Forvígismenn þeirrar aðgerðar voru Elfar, Bjarni ásamt höfundu. Þóttu það tíðindi að samkomulag náðist á milli allra eigenda um kostnaðarskiptingu verkefnisins enda ættin með sterkar skoðanir og átti Bjarni þar stóran hlut að góðum lyktum málsins.

Það má velta fyrir sér hvernig lífið var fyrir þennan tíma. Á meðan stórflijótin voru óbrúuð voru þau miklir farartálmur og ferðast var um landið á hestbaki eða gangandi. Farið var yfir árnar á vöðum og síðar með ferjum. Ferðalög voru því erfið og tímafrek. Reiðleiðir um landið lágu á allt öðrum stöðum en þjóðvegirnir í dag. Víða voru mýrar og erfitt yfirferðar og ofar í landinu voru hraun sem oft voru erfið fyrir fólk og hesta. Í jaðri hraunsins voru reiðleiðir góðar og ein þeirra lá rétt ofan við brúna yfir Selsgil og þvert yfir Klofann, eftir Messugrófinni að Bjallalæk. Leiðin kallaðist Messugötur og vaðið yfir Bjallalæk var kallað Messuvað á þeim tíma sem Kýraugastaðir voru í byggð og hélt kirkju eða bænahús. Síðar var talað um Bjallavað, eftir að Gamli-Bjallinn byggðist (Guðrún Bjarnadóttir 1954). Messuvað er við landskika sem fékk nafnið Diddusel, þar sem brennur hafa verið haldnar um Verslunarmannahelgina undanfarin ár.



## Neysluvatn

Neysluvatn hefur lengi verið vandamál í Rangárþingi. Á meðan sumir bæir höfðu góð vatnsból þá voru vatnsból annarra bæja menguð af mýrarvatni. Farið var í sameiginlega vatnsveitu fyrir Ásahrepp og Holtahrepp upp úr 1976 (Sigurður J. Sigurðsson 1987). Vatnsveita Rangárþing Ytra og Ásahrepps var formlega stofnuð 2006.

Við Lækjarsel var fyrst sótt vatn í Bjallalæk, síðan var sett upp dæla 1989 sem dró vatn úr vatnsbóli nálægt læknum, sandsíað lækjarvatn. Eftir að seiðaeldi var hafið í ofar í læknum var farið að koma með drykkjarvatn með sér úr Reykjavík en vatnið notað í salerni, sturtu og vaska. Í samstarfi við aðra á Steinunnararfi var hafinn undirbúningur að stofnun vatnsveitu 2010 og var forvígismaður þeirrar framkvæmdar, Jónas Ketilsson í Kúfholti (Steinkuseli) sem á þeim tíma var starfsmaður Orkustofnunar. Gerði hann ágæta forathugun á neysluvatnsmöguleikum (Jónas Ketilsson og Sigríður Magnea Óskarsdóttir 2010) og var undirbúningur hafinn að einkavatnsveitu í samstarfi við Tjörfastaði þar sem neysluvatn yrði tekið úr Kerauganu fyrir þetta svæði. Á sama tíma var Rangárþing Ytra að leita að fleiri vatnsbólum vegna aukinnar eftirspurnar í Rangárþingi. Bauð sveitarfélagið Lækjarseli og öðrum aðilum í nágrenninu að tengjast nýrri vatnslögn úr nýrri borholu sem boruð yrði í landi Lækjarbotna, 2011 að því gefnu að hætt yrði við einkavatnsveituna. Því tilboði sveitarfélagsins var tekið og í kjölfarið var á árinu 2011, lögð vatnsleiðsla til allra á svæðinu sem áhuga höfðu.

## Rafmagn

Lækjasel var án rafmagns fram til ársins 1988 þegar ráðist var í gerð línustubbs yfir á Steinunnararf frá loftlínu Rarik sem lá í landi Bjalla yfir til Þingskála, Kaldbaks og Hrólfstaðahellis. Forvígismaður þeirrar framkvæmdar var Elfar Bjarnason en hann vann hjá Rarik á þessum tíma. Faðir hans og föðurbróðir, Bjarni og Guðmundur höfðu áður verið með áætlanir um slíka tengingu en ekkert varð úr framkvæmd þá því Guðmundur lést af slysförum 1975. Samdi Elfar við Rarik um að sjá um niðurrif á línu einni og að launum fengi hann að halda vír, einangrurum og öðru efni sem þarf til línubyggingar. Margir innan ættarinnar höfðu unnið hjá Rarik og var Gylfi Grímsson, vinur fjölskyldunnar, fenginn í lið. Reist voru tréstaumöstur og notaðar voru gamlar aðferðir við reisinguna (trégálgi notaður), sem þekktust þegar Gylfi og Bjarni Hannesson, faðir okkar, unnu hjá Rarik í gamla daga. Við enda loftlínunnar kom spennir frá Rarik og heimtaugar síðan plægðar í jörð í 3 bústaði. Tæplega 30 árum síðar eða í byrjun árs 2017 fór Elfar og höfundur á fund framkvæmdastjóra Rarik og viðruðu þá hugmynd að leggja

háspennujarðstreng í jörð á Klofanum þar sem í byggingu væru fjöldi sumarhúsa á svæðinu en loftlínan var farin að verða ótrygg í rekstri. Nú var tækifæri því verið var að leggja nýja jarðstrengi upp með Árbæjarveg og Bjallaveg vegna virkjunarframkvæmda. Í kjölfarið, eftir samningaviðræður við áhugasama og landeigendur fór sú hugmynd í framkvæmd um sumarið og voru heimtaugar endurnýjaðar og í kjölfarið loftlínan rifin.

# Kýraugastaðir

Heimildir um Kýraugastaði eru frekar rýrar. Í íslensku fornbréfasafni (sjá [baekur.is](http://baekur.is)) er þó að finna nokkar tilvísanir. Biskup í Skálholti hafði þá skyldu að sinna kirkjum í umdæminu og í máldaga Ólafskirkju á Völlum (Stóru-Völlum) frá árinu 1332 eru fyrirmæli um að syngja skuli á Kýraugastöðum annan hvern dag í kirkjunni þar. Og 65 árum síðar, 1395 er sama upp á teningnum, áfram skal syngja annan hvern helgan dag. Árið 1526 eða 1527 selur Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti (síðasti katólski biskupinn í Skálholti; 1521-1541) jörðina Kýraugastaðir til Brands Krákssonar fyrir 30 hunduð í góðum peningum og átta að greiðast á 4-5 árum. Eitt hundruð í jörð var kúrverð, en kúgildi var jafnt sex ærgildum og átti að geta staðið undir framfæri eins manns (Sturla Friðriksson 1996, tekið úr Búalögum). Svo Kýraugastaðir áttu að geta framfleytt 30 kúm og staðið undir framfæri 30 manns. Flestir bændur voru tíundaskyldir en kirkjujarðir voru undanskildar (Magnús Stefánsson 1975). Athyglisvert er að í Oddamáldaga frá árinu 1270 þar sem skattlagning jarða í umdæmi Oddakirkju eru taldar upp, eru jarðirnar í kringum Kýraugastaði í upptalningunni en Kýraugastaðir ekki nefndir. Bendir það til að Kýraugastaðir hafi ekki verið til eða snemma orðið kirkjujörð sem er líklegra. Kýraugastaðir koma aftur við sögu 1535 þegar Ögmundur biskup tilnefnir 3 presta og 3 leikmenn til að skera úr um erfðaskrá Guðna Þórarinssonar og komu þeir saman að Kýraugastöðum til að ráða ráðum sínum.

Aftur er komið saman að Kýraugastöðum 13.4.1542 en þá útnefnir Gissur biskup 6 presta og 6 leikmenn til að skera úr um hvort skuldir þær sem Ögmundur biskup erfði eftir forvera sinn, Stefán biskup væru honum viðkomandi. Niðurstaðan var að Gissur væri laus allra skulda eftir Ögmund og staðfesti Kristján III Danakonungur þann úrskurð, 21.11.1542. Í máldaga Gísla Jónssonar biskups í Skálholti (1555-1587) sem gerður var um 1575 koma Kýraugastaðir aftur fram og þar er talin upp hálfkirkja á staðnum. Líklega er frægasta samkoman á Kýraugastöðum þegar Oddur biskup stefnir þangað prestum í umdæminu, 10 talsins á héraðsprestastefnu í maí 1592 sem undirbúning fyrir Alþingisprestastefnu sama ár.

19. maí 1592 er niðurstaða héraðsprestastefnunnar samþykkt og gekk sú samþykkt undir nafninu Kýraugastaðasamþykkt. Þessi samþykkt kemur fram í annálum, t.d. segir svo í Sauðlauksannál (Sauðlauksdal er að finna í sunnanverðum Patreksfirði): Skikkaði þar meðal annars; 1) að sakafólk afleysist ei, þó sýslumenn skrifi með því, fyrr en það sýnir á sér kristilega auðmýkt og eftirleitni. 2) þeir, sem fara með rúnir, ristingar, særingar, kveisublöð og látast þar með lækna krankleika manna eður gripa, so og þeir, sem það af þeim þiggja, áminnist fyrst, síðan setjist út af sacramenti. 3) að prestar fyrirbjóði

hestaping, smalabússreiðir og vökunætur á helgum dögum og varist þvílíkt sjálfir. 4) að á hverju ári haldist 3 bænadagar í hverri sókn, hinn fyrsti á sjálfa Pálsmessu, annar miðvikudaginn fyrir vorkrossmessu, þriðji miðvikudaginn fyrir haustkrossmessu, og áminni þá prestar bændur til ölmusugjörða við fátæka. 5) ei líðist hjónum að setja hvert öðru ólöglegar fjarvistir að þeirra frívilja.

Á héraðsprestastefnunni að Kýraugastöðum voru einnig tekið á ýmsum deilumálum í héraði og t.d. leyst með því að breyta hvaða prestur þjónaði hvaða kirkjum.

Sumir vilja meina að nafnið Kýraugastaðir séu dregnir af vatnssuppsprettunni í Kerauga og hafi fyrst heitið Keraugastaðir en ofangreindar heimildir eru samhljóma um Kýraugastaðanafnið, þó er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns Keraugastaðir settir í sviga á eftir Kýraugastaðanafninu. Á Kýraugastöðum hlýtur að hafa verið gott að hittast, húsakostir góðir til funda og reiðleiðir þangað góðar á 16. öld. Líklega stórbýli því á Kýraugastöðum voru afmarkaðir akurgarðar og sjást hleðslurnar ennþá. Þegar kemur fram á 17. öld finn ég ekki miklar heimildir (kannski ekki leitað nógu vel). Það er ekki fyrr en í manntalinu 1703 og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem þá er að finna aftur en þeir voru við skrásetningar í Landsveit um 1711. Þá voru Kýraugastaðir komnir í eyði nokkrum árum fyrr (um 1707) en bænahúsið lagst af um 1704. Jarðvegurinn sem var ofan á Þjórsárhrauni hafði þá mestur fokið burt og lögðust Hrólfsstaðir (eign Skálholtsdómkirkju) í eyði á svipuðum tíma svo og Stóru-Valla hjáleiga og Minni-Valla hjáleiga en aðrir bæir urðu fyrir áföllum af völdum sandfoks (uppblástur og áfok). Samkvæmt Jarðabókinni hafði beitarland Tjörfastaða verið óblásið um 1669 en um 1711 hafi þriðjungur beitarlandsins verið horfið vegna uppblásturs, engjar horfið og tún undir miklu álagi vegna áfoks, mest síðustu 20 árin (þ.e. eftir Heklugosið 1693). Svipað var ástatt á Stóru-Völlum og Minni-Völlum aðeins ofar í landinu (Brynjúlfur Jónsson 1898). Austan Rangár voru býlin Víkingslækur og Steinkross og þar var ástand svipað. Eftir að Kýraugastaðir fóru í eyði, sóttu bændur í Steinkrossi slægjur til Kýraugastaða (Vigfús Guðmundsson 1952, 1953). Núverandi bæir við Rangá, Kaldbakur og Þingskálar voru byggðir út úr Víkingslæk.

## Víkingslækjarætt

Bjarni Halldórsson ættfaðir Víkingslækjarættarinnar fæddist 1679, giftist 1709 Guðríði Eyjólfsdóttur en hún var fædd 1688. Hann var þá þrítugur en hún 21 árs. Faðir hennar, Eyjólfur Björnsson var af prestaætt en sjálfur var hann bóndi á Reyðarvatni. Foreldrar Bjarna voru Halldór Bjarnason bóndi á Stóra-Klofa og Sigríður dóttir Ólafs prests á Hvalnesi Gíslasonar Bjarnasonar. Víkingslækjarætt er bændætt og er það ekki algengt að skriflegar heimildir liggi fyrir um slíka menn eða ættir. Ekki voru allir læsir og því síður skrifandi. Yfirleitt voru það yfirstéttirnar sem höfðu betra tækifæri til að læra lestur og skrift.

Bjuggu þau Bjarni og Guðríður á Víkingslæk frá 1731 til dauðadags, hún dó 1756 en hann ári seinna, í nóvember 1757. Þau giftu sig 1709 og bjuggu fyrst á Stokkalæk, 1711-1712, síðan á Rauðnefsstöðum 1712-1731 áður en þau fluttu að Víkingslæk. Á þessum tíma var uppblástur hafinn bæði í Landsveit og Rangárvöllum og líklegt að verð á landi hafi ekki verið hátt. Víkingslækur var 20 hundraða jörð og um 1711 átti Hákon Hannesson sýslumaður á Skammbeinsstöðum 11 hundruð í jörðinni (Valgeir Sigurðsson 1982) og eftir að hann lést í lok árs 1730 (Valgeir Sigurðsson o.fl. 2006) eignaðist Bjarni þann helming og flytur á Víkingslæk. Á Víkingslæk var tvíbýli og hugsanlega einnig hjáleigan Borgartún. Bjarni eignast Kýraugastaði (helming 1729 og afganginn síðar) og Tjörfastaði en bæði býlin voru undir ágangi uppblásturs. Auk þess eignaðist hann hluta af Keldum (bæinn Tungu sem var fjórðungur Keldna og næsti bær við Stokkalæk sem einnig tilheyrði Keldum) og bæinn Foss í næsta nágrenni við Rauðnefsstaði. Auk þess hluta af Kirkjulæk í Fljótshlíð. Bjarni og Guðríður eignuðust 17 börn, þar af dóu 3 mjög ung en hin 14 eru þekkt með nöfnum. Fæddust öll börnin á Rauðnefsstöðum nema það elsta, Eyjólfur en hann fæddist sama ár og þau giftu sig, 1709. Eyjólfur dó um þrítugt einhleypur og barnlaus. Alls voru 10 synir og ein dóttir sem komast á legg, giftast og eignast ættboga (Pétur Zophaníusson 1983). Þau voru Höskuldur, Halldór (fæddur 1712), Eiríkur (1714), Jón eldri (1714), Brandur (1716), Kristín (1717), Stefán (1723), Loftur (1725), Jón yngri (1727) og Gissur (1728). Auk þess eignuðust þau Svein (1719) og Sigríði (um 1720) sem bæði dóu ung.

Halldór giftist 1736 Valgerði sem er Þorsteinsdóttir bónda á Rauðnefsstöðum og flytja þau á Rauðnefsstaði þegar Þorsteinn, sonur þeirra, fæðist 1739 og taka við búi þar en foreldrar hennar flytja að Götu í Landsveit. Halldór og Valgerður flytja síðan á Tjörfastaði 1758. Jón eldri giftist Sigríði Jónsdóttur bónda í Bolholti og hefja þau búskap í Efraseli 1753 og eru talin fyrstu bændur þar. Bjarni Halldórsson hefur líklega skipt upp

Kýraugastöðum á tímabilinu 1733-1753, í Bjalla, Efrasel (áður kallað Holtið) og Neðrasel (áður kallað Kýraugastaðasel) og við arfskipti eftir hann, þá erfa börnin nálægt 10 hundruðum í jörðum; Loftur fær Víkingslæk (þann part sem Bjarni átti), Stefán og Kristín fá Tungu, Eiríkur og Höskuldur fá Kirkjulæk í Fljótshlíð, Ólafur fær Foss, Halldór fær 8 hundruð í Tjörfastöðum og Guðmundur, sonur Brands bróður Halldórs, fær 4 hundruð (Brandur var dáinn), Gissur fær Neðrasel, Jón eldri fær Efrasel og Jón yngri fær Bjallann. (Halldór Vigfússon, 1979). Jón yngri byrjar að búa á Neðraseli, um 1756 við hlið bróður síns á Efraseli (ekki nema nokkur hundruð metrar á milli) og byggir upp býli á sínum erfðaparti sem fær nafnið Bjallinn. Staðsetning var þar sem nú er kallað Gamli-Bjalli og voru þau hjónin flutt þangað 1759. Staðsetning Gamla-Bjalla er beint á móti Lækjarseli og sjást þar greinilegar rústir en þær voru yfirgefnar 1908 vegna áfoks og uppblásturs og fluttar á núverandi stað við Bjallalæk. Nokkrum árum eftir að Jón yngri flytur á Bjalla, tekur yngri bróðir hans, Gissur, við erfðalandi sínu í Neðraseli (er farinn að búa þar 1767), missir konu sína, Þóru Einarsdóttur 1773 en býr á Neðraseli til dauðadags, 1797 þá 69 ára. Jón eldri bjó á Efraseli til dauðadags, líklega um 1772, þá 58 ára gamall en ekki er vitað um dánarorsök. Jón yngri bjó á Bjalla til 1770 en flutti þá á Flagbjarnarholt og síðan á Vindás 1777 og bjó þar til 1787 er hann dó af slysförum á leiði heim frá Skarðskirkju (lenti í vatni og fraus til bana). Þegar Jón yngri var að byggja upp Bjallann og bjó á Neðraseli, þá hefur hann líklega oft riðið messugötur og var yfir Bjallalæk á Messuvaði. Rétt er að geta þess, að í Landmannabók er talið að Tómas Bjarnason og kona hans Guðrún Ólafsdóttir hafi búið á Bjalla á undan Jóni yngra og þeirra sé getið 1753 og 1756. Einnig er Gísli Magnússon nefndur til nafns á Kýraugastöðum 1729, 1733 og 1753 og hafi hann verið hreppsstjóri í Landmannahreppi um tíma. Líklegt er að Gísli hafi búið á Neðraseli (Kýraugastaðaseli) á undan Jóni yngra því faðir hans, Magnús Hannesson, var ábúandi á Kýraugastaðaseli (Neðraseli) 1711, þegar Árni Magnússon og Jón Vídalín riðu um Landsveitina það ár. Þá var nýbúið að færa bæinn frá bæjarstæðinu við Kerauga og yfir í Neðrasel. Hugsanlegt er einnig að Jón eldri hafi dvalist á Neðraseli þegar Efrasel var byggt upp. Á þessum tíma var Víkingslækur næsti bær hinum megin Rangár svo stutt var á milli Jóns eldra og Bjarna, föður hans, svo framarlega sem Rangá var auðveld yfirferðar.

En snúum okkur nú að öðrum ættleggjum ættarinnar; eins og áður segir þá erfðu þau systkin Stefán Bjarnason og Kristín Bjarnadóttir Tungu saman. Stefán giftist Guðríði Eyjólfsdóttur 1756 og hófu þau búskap á bænum Heiði, 1756-1766 og fóru þaðan þegar Hekla gaus 1776 og að Keldum þar sem þau bjuggu 1766-1776 og loks á Árbæ á Rangárvöllum frá 1776 til dauðadags 1801. Hann eignaðist Árbæ eftir makaskipti á Kirkjulæk en tveir bræður hans, Eiríkur og Höskuldur, höfðu erfð þá jörð en Stefán keypti

Þá út þegar þeir urðu fátækir á tímum fjárpestarinnar. Stefán þótti merkilegur maður á sinni tíð og var einn af átta sem skrifuðu undir (með innsiglium) skiptingu þess fjár, er konungur gaf til Rangárvallahrepps eftir niðurskurð fjár eftir fjárkláðann 1773 til léttis fátækustu bændum (Skúli Guðmundsson 1941). Engar sögur fara af erfðahlut Kristínar, en hún var eina dóttirin sem lifði til að eignast afkomendur.

## Skrifarinn mikli í Skarfanesi

Svo hefur hann verið nefndur, maðurinn sem skráði ættir Bjarna Halldórssonar og Guðríðar Eyjólfsdóttur. Hann er lykilmáðurinn í því að bændættin sem kennd er við Víkingslæk var skráð niður. Annars voru það helst sýslumannsættir, prestaættir og aðrar mennta- og valdastéttir sem finnast gögn um í sögu Íslands. Hann heitir Þorsteinn Halldórsson og var fæddur 12. september 1739 og dó 5. janúar 1818. Hann fæddist á Rauðnefsstöðum á Rangárvöllum og ólst upp þar, þangað til foreldrar hans fluttu að Tjörfastöðum 1758, þá var hann 19. ára. Ekki er ljóst hvort hann flutti með þeim (þó líklegt) eða fór strax í vinnumennsku en hann eignaðist barn með Guðlaugu Oddsdóttur í Ketilhúshaga 1772. Síðan giftast þau 1779 hann 40 ára en hún 33 ára og þá líklegt að hann hafi hafið búskap og þá á Hofshjáleigu en hans er getið 7 árum seinna er hann flutti þaðan 1786. Þau fluttu þá í Skarfanese í Landsveit, rétt ofan við Skarðsfjall og bjuggu þar til æviloka. Þau eignuðust 3 syni; Torfi (1772), Guðmundur (1789) og Oddur (1792). Þorsteinn var hreppstjóri 1800-1806. Þorsteinn Halldórsson var sagður maður stór og þrekinn, fríður sýnum og hinn heitfengasti. Það er með sannindum sagt, að hann hafi setið á smiðjuþröskuldi sínum við skrifstörf sín og haft blekbyttuna í barminum, svo að ekki frys í henni, en var inni í smiðjunni, þegar kaldast var og næði og húsrúm vantaði í baðstofunni og ljós þraut (Finnbogi Guðmundsson 1983). Þorsteinn var mikilleitur í andliti, dökkeygður, hárið dökkt, á vöxt var hann rúmlega meðalmaður, þrekinn og þéttur á velli. Skapfestumaður var Þorsteinn, áreiðanlegur og réttisýnn. Í hjónabandi sínu var hann góður maki og trúr. Gáfumaður var Þorsteinn og fróðleiksfús svo af bar og naut trausts og virðingar (Valgeir Sigurðsson og Ragnar Böðvarsson 2003).

Foreldrar Þorsteins voru Halldór Bjarnason, fæddur 1712 á Rauðnefsstöðum og dáinn 1791 á Tjörfastöðum og Valgerður Þorsteinsdóttir, fædd 1712 og dáin 1785. Halldór Bjarnason var sonur Bjarna Halldórssonar upphafsmanns Víkingslækjarættarinnar. Halldór ólst upp á Rauðnefsstöðum til 19. ára aldurs en flutti þá með foreldrum sínum að Víkingslæk. Hann bjó þar þangað til hann var 24 ára er hann giftist Valgerði 1736. Þau

bjuggu fyrst á Geldingalæk til 1739, síðan á Rauðnefsstöðum 1739-1758 en fluttu þá að Tjörfastöðum og bjuggu þar til æviloka að undanskildum árunum 1771-1773 er þau voru í Lúnansholt. Eignuðust þau 8 börn; Jón (1737), Þorsteinn (1739), Erlendur (1741), Halldóra (1742), Guðrún (1745), Magnús (1747), Tómas (1748) og Magnús (1750). Þorsteinn segir um foreldra sína; Halldór var að vexti með hærri mönnum, liðlega vaxinn og burðarlegur, því hann var frægur burðamaður. Jarphærður sem menn kalla á hárslit allan, sæmilega hagur á einfalda búsmíði, helst járn eftir þeim smíðamáta, sem þá brúkaðist, húslestrarfær að kalla á vandmælalaust rit, óskrifandi, skikkanlegur í allri sinni framgöng, en þó glaðlyndur, hraustur maður til vinnu allrar bæði á sjó og landi. Valgerður kona hans var að vexti meðalkvenmaður og kunni vel að koma ull í fat og mjólk í mat, uppá þann máta, er þá var brúkanlegur. Hún var betri lesari og söng miklu betur en hann. Bæði voru þau greiðug og góðvikin við fátæka, samt alla er beiddu þau um nokkuð eftir sínum efnum. Þau voru að efnum bjargálna menn oftast, en höfðu ei af að leggja, þó þrot yrði í sveitum, þáðu og ei heldur styrk af sveitum. Börn sín vöndu þau á skikkanlegt framferði og kenndu þeim sinn kristindóm samt skikkanlega vinnu. (Finnbogi Guðmundsson 1983).

Foreldrar Valgerðar, móður Þorsteins, voru Þorsteinn Sigvaldason bóndi í Götu (1686-1757 og kona hans Guðríður Hafliðadóttir (1669-1753). Þau bjuggu fyrst í Árvörn í Fljótshlíð í nokkur ár og voru þar 1729. Síðan bjuggu þau á Stórupverá í eitt ár, þá á Rauðnefsstöðum í 10 ár eða lengur, voru þar 1733, en 1739 eða síðar fluttu þau að Götu á Landi og bjuggu þar 5-6 ár, en síðast í Réttanesi fáein ár (Valgeir Sigurðsson og Ragnar Böðvarsson 2003). Eftir andlát Guðríðar bjó Þorsteinn hjá dóttur sinni á Rauðnefsstöðum til dauðadags og hafði væntanlega áhrif á dótturson sinn, Þorstein Halldórsson og hefur miðlað honum töfra bókanna en hann var vel að sér í bókum. Hvernig það gerðist að Þorsteinn Halldórsson skrifaði svona vel og var síðan einn afkastamesti skrifari á þessum tíma, er ekki vitað, en leitt að því líkum að sýslumaður Rangárvallasýslu hafi verið honum innan handar og lánað honum rit til uppskriftar. Þorsteinn Magnússon var sýslumaður 1743-1785 og var hann fyrstur Íslendinga til að ljúka lagaprófi við Hafnarháskóla 1738 (Finnbogi Guðmundsson 1983).

Þorsteinn hefur þetta að segja um afa sinn, Bjarna Halldórsson og ömmu sína, Guðríði Eyjólfsdóttur; Fátæk giftust þau en urðu þó á seinni árum sinnar samveru rík af kviku og dauðu samt jarðargóssi. Hann var erfiðismaður, drifinn, greindur í allri búsyslan, svo og vel hagur á alla búsmíði og jafnvel meira, hirtinn og hreinlátur í meira lagi. Á vöxt var hann vel meðalmaður, dökkur á hárslit, ólesandi, en skrifaði þó læsilega nafn sitt, þá með þurfti, undir ýmsa gjörninga, sem honum til kom, því hann var á þeim tímum ásamt öðrum



hreppstjóri á Rangárvöllum. Og hvað hér er sagt um Bjarna, þá var kona hans honum samfara í sínu standi (Halldór Vigfússon 1979).

Þorsteinn skrifaði einnig ævisögu Stefáns Bjarnasonar bónda á Árbæ og hreppstjóra, föðurbróður síns; Stefán Bjarnason var á vöxt hærri en meðalmaður, en þó ei með hæstu mönnum, rétt og fallega vaxinn (áður en ellin beygði hann) andlitsfríður maður, gulbjartur á hárslit (höfuðs og andlits og hafði hár í frekara lagi, mjög lítið hrokkið) áður en ellin litaði það með sínum hvíta jarfa. Hann var guðhræddur maður hafandi góða og siðlega stjórn og skikkan í sínu húsi, allri óráðvæðni í orðum og verkum frá sneyddur, (svo mikið sem um mann má segja í þessum dauðlega líkama) leið það og ekki heldur áminningarlaust þeim sem hann var yfirskipaður (það er að segja hjúum og börnum) ef af vissi. Hann var hversdagslega gæfur, en þó skikkanlega glaður og gamansamur, þá eitthvað gamansamt undir bar. Öngan sjálfbyrginsskap lýsti hann sig þó honum gengi að óskum en þolinmóður var hann í öllum mótgangi. Konu sína elskaði hann og virti, það næsta hann kunni eftir guðs boði svo og ól þau sín og annarra börn í sama máta, í Guðs ótta og góðum siðum. Hann var frómur, sannorður, tryggur. Í því hann lofaði var hann viss og efndi það. Hafði ei bróður skarpleiksgáfur en var sinnugur og nærgætinn að marga hluti, sem hann til gat og ei voru framkomnir. Hann var húslestrarfær að kalla en óskrifandi. Á tré og járn sem til búskapar þurfti sæmilega hagar, ekki síður að sér í veraldlegum en andlegum hlutum, vel greindur og nærgætinn í öllum búskaparháttu. Ekki af náttúrunni stórörlátur en þar hjú við alla þurfandi sem hann beiddu greiðugur og góðvikinn svo vel á æta sem óæta hluti. Ráðhollur öllum sem þess á leit við hann fóru, frásneiddur okri í allri höndlun, sem og öllum óþarfa kaupskap, vildi hafa rétta vigt og mælir, hirðinn og hreinlátur utan og innan bæjar á heimili sínu, burðamaður í frekara lagi og mikill erfiðismaður til lands og sjávar á æskuárum (Skúli Guðmundsson 1941).

## Ættarleggurinn

Kristín Bjarnadóttir, dóttir Bjarna Halldórssonar á Víkingslæk, átti 11 bræður og var í miðjum barnahópnum. Hlutverk hennar hefur líklega verið annað á heimilinu, bæði á Rauðnefsstöðum og Víkingslæk. Eins og kemur fram hér að ofan var faðir hennar og bræður með hærri mönnum og öflugir til erfiðisvinnu. Því hefur rómantíkin hjá henni átt erfitt uppdráttar þar sem karlarnir á heimilinu gætu þótt ógnvekjandi og ekki fyrr en um 29 ára aldur sem hún giftist 1746, hugsanlega fyrr. Eiginmaður hennar var 30 árum eldri og líklegt að faðir hennar hafi haft eitthvað um ráðahaginn að gera. Hugsanlega búinn að semja við föður brúðgumans, Jón Jónsson hreppstjóra á Þorleifsstöðum um ráðahaginn. Jón fæddist 1662 og var orðinn vel efnaður. Kristín giftist Sigurði Jónssyni, fæddan 1687, sem þá bjó á Sandhólaferju og hafði misst konu sína en átti 6 uppkomin börn, sum hver eldri en Kristín. Líklegt er að giftingin hafi átt sér stað eftir að Sigurður erfði föður sinn er hann dó 1746. Sigurður var elstur 3ja systkyna og gekk ættaróðalið til elsta sonarins eins og hefð var. Því hefur Kristín ekki flutt á Sandhólaferju heldur á Þorleifsstaði. Sigurður og Kristín eignast 3 börn saman en eitt þeirra deyr sem ungabarn. Þau sem komust á legg voru Guðrún Sigurðardóttir, skírð 21.11.1748, d: 27.5.1837 og Jón Sigurðarson, f: 10.3.1752, d: 18.4.1841. Kristín dó 1760, aðeins 43 ára gömul en þá var Guðrún á 12 ára og Jón 8 ára. Sigurður býr á Þorleifsstöðum til æviloka, 17.12.1770.

Guðrún Sigurðardóttir giftist ung Bjarna Hannessyni, f: 1736, d: 19.6.1819 en faðir hans Hannes Jónsson, f:1707, bjó á Stokkalæk og var hreppstjóri í Rangárvallahreppi. Hófu Bjarni og Guðrún búskap á Steinkrossi 1768 eða fyrr og eignast fyrsta barnið 21.8.1768 en það dó sama ár. Kristín fæðist árið eftir og var skírð 9.10.1769. Yngri systkini hennar voru Ólafur (1771), Guðríður (1773), Sigurður (1778), Kolbeinn (1786) og Hannes (1790). Samkvæmt vitnisburði prestsins var Bjarni ráðvandur og kunni sæmilega en Guðrún stjórnösöm en vel að sér. Guðrún dó 27.5.1837 þá að verða 89 ára.

Kristín Bjarnadóttir eignaðist barn með Guðna Daðasyni á Víkingslæk (hennar fyrsta og hans 3ja barneignarbrot). Guðni var fæddur 1742 og dó 20.9.1808 vinnumaður á Víkingslæk. Foreldrar hans voru Daði Guðmundsson bóndi á Árbæ til 1742 en síðar á Lambafelli og enn síðar prestur á Heiði í Mýrdal, f: 6.8.1706, d: 1779 Jónsson og Sólveig Grímsdóttir lögréttumans á Reyðarvatni Jónssonar. Daði lærði við Skálholtsskóla 1725-1730 en var vikið úr skólanum en útskrifaðist þó sem stúdent um haustið 1730 og fékk predikunarleyfi. Daði var stórvaxinn og gildvaxinn. Hann var vel gefinn og lögskýr, glaðlyndur og gamansamur, söngmaður góður og skáldmæltur, orti bæði gamankvæði og andleg ljóð. Lítil búmaður og þótti heldur ágjarn og smámunasamur. Barn Kristínar og

Guðna fæddist 28.9.1798 og fékk nafnið Jón og var Guðnason. Kristín giftist síðan Birni Jónssyni bónda í Miðhúsum í Garði, svo Páli Guðmundssyni bónda í Réttarhúsum í Fljótshlíð en síðast Vigfúsi Gíslasyni bónda í Eystrihól í Landeyjum.

Jón Guðnason giftist 8.10.1823 Elínu Jónsdóttur, f: 23.3.1802, d: 14.11.1875 og bjuggu þau fyrst í Stöðulkoti 1824-1834 en síðan í Háarima í Djúpárhreppi (nú Rangárþing Ytra). Jón lést 7.3.1872 í Háarima og Elín 3 árum síðar, einnig í Háarima. Foreldrar Elínar voru Jón Oddsson bóndi í Norður-Nýjabæ gamla (f: 1768 d: 6.8.1839) og kona hans Sigríður Magnúsdóttir (f: 1772 d: 25.1.1841). Fyrsta barn þeirra Jóns og Elínar fæddist andvana 1823, síðan Jón (1824), Ragnheiður (1826), Runólfur (1828), Grímur (1831), Þorbjörg (1832), Guðni (1833), Guðmundur (1835), Jón (1837), Björn (1839), Kristín (1840), Sigríður (1843) og Guðni (1844). Niðjar þeirra eru nefndir Háarimaætt.

Þorbjörg Jónsdóttir fæddist 5.9.1832 og ólst upp í Háarima í stórum hópi syskina (14 en 9 komust á legg). Hún býr hjá foreldrum í Háarima (Háirimi) fram yfir 24 ára aldur en giftist 2.7.1857, Einari Stefánssyni, f:15.6.1832 frá Skinum, bæ sem einnig er í Djúpárhreppi. Búa þau á Skinum með foreldrum Einars. Á þessu svæði voru 36 bæir eða kot á litlu svæði við rétt við ströndina. Talið er að árósar Hólsár (áin heitir Hólsá eftir að Þverá hefur runnið í Ytri-Rangá, hét áður Djúpá) hafi verið ágæt höfn við landnám (Sigurbjartur Guðjónsson 1987, Árni Óla 1962) og því hafi byggð þróast niðri á sandinum til sjósóknar. Árósin lokaðist vegna framburðar m.a. vegna Kötlugoss 1660 og Heklugoss 1693 og versnuðu hafnarskilyrði við það. Hólsá fór að renna að hluta í Þjórsá fyrir ofan byggðina í Þykkvabæ í lok 17. aldar og farvegur vatnsins breyttist oft. Smám saman færðist farvegurinn (og bæirnir einnig) til. Eftir að Markarfljót rann í Þverá 1766 og eftir mikið hlaup í Þverá 1808 myndaðist Djúpós þegar Hólsá rann að mestu í Þjórsá í gegnum stöðuvötnin Bæjarvatn og Fiskivatn og fyllti þau smám saman. Eftir það fór Hólsá að renna meira í sínum gamla farvegi, einnig vegna stíflufuramkvæmda Þykkvæinga. Þannig var staðan þegar Einar stundaði sjóinn. Farvegi Djúpóss var endanlega lokað 4.7.1923 og sandgræðslugirðing var sett upp 1928 og melgresi sáð. Kvikur sandur er nú að mestu horfinn ofan byggðar og sandfok á graslendi stöðvað. Nú er fjörusandur á um 2,5 km beltí frá sjó og til byggðar. Talið er að Einar hafi farist í lendingu, við sjósókn, þann 1. mars 1862, rétt að verða þrítugur. Hann lét eftir sig ófríska konu og eina dóttur, Margréti Einarsdóttur, þá ekki orðin eins árs. Áður höfðu þau eignast son, sem dó sama ár, 1859 og eignaðist Þorbjörg dóttur 10.8.1862 sem dó 29. sama mánaðar. Þorbjörg er þá orðin ekkja, með árgamalt barn. Ekki er vitað hversu lengi hún bjó á Skinum eftir þetta en hún giftist Jóni Gunnarssyni 12.7.1868 þegar Margrét er orðin 7 ára. Þorbjörg var þá ófrísk og hefja þau Jón búskap í Dísukoti (einnig í Þykkvabæ). Í manntali 1870 eru þau í Dísukoti

með 2 börn, auk Margrétar, þá 9 ára, í manntali 1880 eru þau flutt í Gvendarkot (einnig í Þykkvabæ) og þar eru þau með 3 börn en Margrét flutt burtu í millitíðinni. Þau eru áfram í Gvendarkoti 1890 en þau eignuðust alls 7 börn saman en þarf af dóu 3 á fyrsta ári. Í manntali 1901 eru þau loks komin á Efrasel hjá Margréti og Bjarna og deyr Þorbjörg þar 4.9.1902, vantaði dag upp á 70 ára afmælið. Eiginmaður hennar, Jón Gunnarsson deyr 29.4.1915 en hann var 5 árum yngri en Þorbjörg, fæddur 7.7.1837.

**Margrét Einarsdóttir** var fædd 12.4.1861 og missti föður sinn, Einar Stefánsson áður en hún náði eins árs aldri og kynntist honum því aldrei. Hún bjó með móður sinni fyrstu ár ævinnar og fékk síðan fósturföður og hálfsyskini. Þegar hún hafði aldur til fór hún í vinnumennsku og hana er líklega að finna á Seli heimajörð í Ássókn (nú í Ásahreppi) í manntalinu 1880, þá um tvítugt. Samkvæmt syni hennar (Björn Bjarnason, 1986) lærði hún handavinnu á Ási, líklega hjá Vigfúsi Eiríkssyni bónda og konu hans Katrínu Bjarnadóttur. Fór hún síðar að Haukadal á Rangárvöllum (Stóraklofasókn) og líkaði þar vel hjá Sigurbjörgu Sigurðardóttur og Hannesi Jónssyni enda kynntist hún syni bóndans á bænum, Jóni Hannessyni f: 7.9.1865 og voru þau heitbundin er hann dó þegar skip hans fórst 25.5.1891. Þau er að finna í manntali 1890 í Haukadal. Margrét kynnist Þorsteini Þorbergssyni, f: 22.10.1870 hugsanlega á Tjörfastöðum en foreldrar hans bjuggu þar um 12 ára skeið, til 1882, en líklegar þegar hann bjó á Stóruvöllum frá 1886 og verður hún ófrísk og fæðir Jón Þorsteinsson þann 16.8.1894. Fæðingarstaður er Fellsmúli, næsti bær við Stóruvelli. Þorsteinn átti fyrir dótturina Steinunni Dagbjörtu, fædda 1890. Þorsteinn fór til Ameríku, kom til baka og fór aftur þangað. Í Íslendingabók er hann sagður fiskimaður í Red Deer Point í Kanada en þennan stað finnur höfundur hvergi nálægt vatni eða sjó. Þorsteinn átti auk Steinunnar, 3 önnur börn líklega með Helgu Gísladóttur eftir að Jón fæddist (Jónsi). Ekki er vitað hvar Margrét dvaldi eftir 1890 og hvar hún kynntist Gunnari en Margrét kynnist Bjarna líklega á svipuðum tíma en Bjarni var þá vinnumaður eða lausamaður í Flagbjarnarholti (Efri-Flagvelt) (Finnbogi J. Arndal, 1943). Komum við síðar að þeirra samvistum.

## Aðrir ættleggir

Móðir Þorbjargar, Elín Jónsdóttir, var fædd 1802 í Norður-Nýjabæ gamla í Hábæjarhverfi en foreldrar hennar, Jón Oddsson og Sigríður Magnúsdóttir fluttu þangað árið áður. Foreldrar Jóns voru Oddur Bjarnason (f:1740, d:20.3.1802) bóndi á Heiði í Holtum og Ingunn (f:1741, d:26.9.1804) Þorsteinsdóttir bónda í Árbæ Kortsson. Foreldrar Sigríðar voru Magnús Þorsteinsson bóndi í Búð og Ragnhildur Árnadóttir frá Grenshól Þórðarsonar. Búð og Grenshóll voru bæir í Þykkvabæ.

Eiginmaður Þorbjargar, Einar Stefánsson fæddist 15.6.1832 að Skinum og dó af slysförum 1.3.1862, á þrítugasta aldursári. Rekjum nú aðeins ættir hans. Foreldrar Einars voru Stefán Gíslason, f: 9.4.1808 d: 28.5.1866 þá 58 ára bóndi á Skinum og Katrín Guðmundsdóttir, f: 25.10.1810 í Hábæ og d: 4.11.1866 nokkrum mánuðum á eftir bónda sínum en þau giftust 16.6.1830 og hófu þá búskap á Skinum, hann 22 ára og hún 20 ára. Eignuðust þau 14 börn (fædd á tímabilinu 1830-1850) en þar af dóu 5 á unga aldri. Foreldrar Katrínar bjuggu á Skinum en þau voru Guðrún Jónsdóttir, f: 1777 d:25.7.1837 og Guðmundur Ormsson, f: 1779 d:21.6.1842. Þau giftust 27.9.1807 og hófu búskap, fyrst í Hábæ 1810 en síðan á Skinum 1812 til dánardags. Eignuðust þau 4 börn en 2 komust á legg, Vigfús bróðir Katrínar var vinnumaður á Skinum en dó 1839, þá 32 ára.

Ormur Halldórsson, sk: 23.6.1735 d: 1821 þá að verða 88 ára, var faðir Guðmundar Ormssonar og eru til nokkrar heimildir um hann þar sem hreppstjórar, sýslumenn og stiftamtsmaður deildu um framfærslu hans (Sigurjón frá Þorgeirsstöðum, 1965). Hann fæddist í Krossalandi í Lóni, missti föður sinn ungur og fór úr sveit sinni við Hornafjörð er hann náði 18 ára aldri. Var vinnumaður í Fljótshlíð í yfir 11 ár og giftist Þórdísi Hafliðadóttur um 1770 og hófu búskap þar. Þórdís dó ung en sonur þeirra Páll fór í vist til föðursystur í Vestur-Skaftafellssýslu. Ormur bregður búi og fer aftur í vinnumennsku en kvænist aftur laust fyrir 1780, Katrínu Guðmundsdóttur, sk: 20.2.1744 frá Hálskoti í Fljótshlíð, d: 19.10.1785 og hefja búskap á Eystra-Fíflholti í Vestur-Landeyjum og eignast soninn Guðmund. Gos hefst í Lakagígum 8.9.1783 og standa til 1784. Móðuharðindin stafa af þessum Skaftáreldum en brennisteinn eitraði allt umhverfið og áhrifa þess gætti löngu eftir að gosi lauk. Margir flýja burt og tekur Ormur við syni sínum af fyrra hjónabandi, Páli og fósturfjölskyldu hans, systur sinni, eiginmanni og 2 sonum, alls 5 manns. Bústofn Orms var nánast allur farinn og fólk dó unnvörpum þarna; Páll sonur Orms, Katrín tengdamóðir og Katrín eiginkona hans. Ormur lifir hörmungarnar af og trúlofast í 3ja sinn, hann 52 ára en hún 33 ára. Ekkert verður þó úr þeirri giftingu og bregður hann búi 1787 (eða 1793) og fer aftur í vinnumennsku hjá bændum í

Rangárvallasýslu (aðallega í Holtasveit) en einnig í útróðra, næstu árin en fer síðan á sveitina um 1812, þá 77 ára þegar hann getur ekki unnið fyrir sér lengur.

Stefán Gíslason, faðir Einars Stefánssonar, fæddist í Bjóluhjáleigu í Þykkvabæ en þangað fluttu foreldrar hans, þau Gísli Stefánsson, f:1771 d: 23.1.1815 44 ára á ferð í Ási og Sólrún Magnúsdóttir, sk: 24.6.1781 d: 1.5.1864, þá að verða 83 ára. Gísli og Sólrún giftust 30.10.1798 og eignuðust þau 8 börn saman á tímabilinu 1800-1815 en fyrir átti Gísli son, Jón f:1797 með barnabarni Halldórs Bjarnasonar frá Tjörfastöðum, f: 1712. Gísli og Sólrún bjuggu í Árbæjarhjáleigu 1802-1804, síðan í Háarima 1804-1805, voru í vinnumennsku, síðan í Bjóluhjáleigu 1811-1812 og loks á Skeggjastöðum í Flóa 1812-1815. Eftir lát Gísla, var Sólrún 34 ára með 5 börn á lífi og bjó á Grenshól 1815-1820 og síðan á Mel í bæði Þykkvabæ 1820-1840. Síðan bjó hún hjá börnum sínum í Þykkvabæ. Foreldrar Sólrúnar og móðurforeldrar bjuggu öll á Bjóluhjáleigu á árabílinu fyrir 1733 til 1811 þegar Magnús, faðir Sólrúnar lést 1.2.1811. Stuttu seinna fluttu Gísli og Sólrún burtu.

Nú færist sagan aftur í Landsveitina því foreldrar Gísla Stefánssonar koma þaðan. Gísli er fæddur 1771 (hér fer ég eftir Holtamannabók en í Landmannabók er hann sagður fæddur 1772) á Bjalla í Landsveit, elstur 9 systkyna. Foreldrar hans voru Stefán f:1742 d:8.2.1837 Filippusson prests í Kálfholti, f:1693 d:1779 og Helga Gísladóttir, f:1747 d:10.7.1812. Stefán og Helga bjuggu á Bjalla 1771-1787, Holtsmúla 1787-1792, Stóruvallahjáleigu 1792-1795, Hvammi 1795-1804, Þúfu 1804-1806 og síðan á Hjallanesi 1806-1812 er Helga deyr. Helga var dóttir Gísla, f:1693, Tómassonar og Ingiríðar, f:1709, Guðmundsdóttur. Guðmundur þessi var bóndi í Hjallanesi eins og faðir hans, Jón, afi hans Guðmundur og langafi hans Marteinn (1630). Gísli og Ingiríður eru byrjuð að búa í Hjallanesi 1735 en bjuggu áður í Flagbjarnarholti. Þau voru enn í Hjallanesi 1765. Eignuðust þau 3 börn; Helgu og synina Guðmund, f:1736 og Gísla, f:1741 en þeir bræður byrja báðir búskap í Hjallanesi og gera býlið að tvíbýli sem það hefur verið síðan.

# Bjarni Björnsson (Bjarni Bjarnarson)

Bjarni er fæddur 15.7.1862 í Hjallanesi. Foreldrar hans voru Björn Björnsson, f:2.4.1822 d:12.8.1889 og Guðrún Jónsdóttir, f:25.10.1828 d:30.4.1802. Guðrún heitir eftir móður sinni, Guðrúnu f:5.5.1802 Einarsdóttur sem átti ættir að rekja til Landeyja og Biskupstungu. Faðir Guðrúnar, Jón ríki Finnbogason, f:31.1.1794 d:1.1.1859 var sonarsonur hjónanna Þorgils Þorgilssonar bónda á Reynifelli, f:1718, d:10.1763 og Guðrúnar Erlendsdóttur, f:1722 d:27.6.1798 en Reynifellsætt er rakin frá þeim. Drög að niðjatali Reynifellsættar var lengi í vinnslu en náði ekki að koma út og er eingöngu til í handriti sem aðgengilegt er á bókasafni Árborgar á Selfossi og Héraðsbókasafni Rangæinga auk eintaks á Landsbókasafni Íslands.

Langafi Bjarna, Gísli Guðmundsson, f:1749 d:2.8.1836 og eiginkona hans, Steinunn Gottskálksdóttir, f:1753 d:13.6.1820 fluttu að Hjallanesi í Neðri-bæinn 1798 en Gísli Gíslason, bróðir Helgu (langömmu Margrétar Einarsdóttur), dó ungur (ekki nema 44 ára) ásamt eiginkonu sinni, 1785 líklega vegna Móðuharðindanna. Hinn bróðir Helgu, Guðmundur, sem bjó á Efri-bænum, dó 1798, sama ár og Gísli og Steinunn flytja þangað en ekkja Guðmundar, Guðrún Einarsdóttir bjó þar til 1806 en þá flytur Helga sjálf, ásamt eiginmanni sínum, Stefáni Filippussyni, í Efri-bæinn og búa þar þangað til Helga deyr, 1812. Foreldrar Gísla Guðmundssonar koma úr Fljótshlíðinni og Landeyjunum en rekjum þær ættir ekki lengra. Gísli og Steinunn bjuggu 1797-1798, að Syðstumörk (undir Eyjafjöllum við Fljótshlíð en foreldrar Steinunnar bjuggu þar) og síðan að Hjallanesi 1798-1819 er sonur þeirra, Björn tók við búi en börnin voru 5; Sæmundur (1780), Margrét (1781), Björn (1790), Guðbjörg (1795) og Guðrún (1803). Steinunn dó 13.6.1820 og Gísli 2.8.1836 að Hjallanesi.

Björn Gíslason, afi Bjarna, fæddist 1790 og tók við búi í Hjallanesi, eftir foreldra sína 1819 þá giftur Hildi Filippusdóttur úr Flagbjarnarholti, f:7.4.1791 d:8.9.1855. Þau áttu 14 börn; Filippus (1798), Guðrún (1818), Anna (1820), Steinunn (1821), Björn (1822), Ólafur (1823, dó ungur), Vigdís (1824), Guðný (1825), Knútur (1826), Guðlaug (1827 dó sama ár), Sigurður (1828), Ólafur (1830), Jón (1832 dó sama ár), Jón (1833) og komust flest þeirra á legg. Björn og Hildur bjuggu í Hjallanesi til 1853 og dóu þar, hún 1855 en hann 31.10.1858.

Björn Björnsson, faðir Bjarna, fæddist 2.4.1822 og tók við búi af foreldrum sínum 1853, þá 31. árs gamall en fór snemma í vinnumennsku í Mörk, þar sem Jón ríki Finnbogason sjálfseignarbóndi bjó. Finnbogi Þorgilsson keypti hluta jarðarinnar á uppboði og gaf syni sínum, Jóni, hana en síðar eignaðist Jón alla jörðina. Björn er að finna sem vinnumaður

þar 1840, 1845, 1850 og giftist síðan dóttur Jóns ríka 1852 og hefur búskap á Hjallanesi með Guðrúnu en hún var 6 árum yngri en Björn. Saman eiga þau 15 börn; Ragnhildur (1850), Jón (1852 dó sama ár), Jón (1853 dó sama ár), Finnbogi (1855), fjárhirðir í Spanish Fork, Utah, nefndi sig Bearson, Hildur (1856), Guðjón (1858), Guðrún (1859 dó sama ár), Guðrún (1860), Bjarni (1862), Bjarni (1863), Jóhann (1865), Helga (1866 dó sama ár), Helgi (1868 dó sama ár), Guðrún (1869) og Guðbjörn (1871).

Eftir Móðuharðindin fóru landsmenn smám saman að rétta úr kútnum en í Landsveitinni hélt skógar- og landeyðing áfram og var komin niður í byggð á 18-öld. Á 19-öld gekk sauðfé sjálfala í skógarleifunum sem eftir voru, t.d. í Landskógum en líklega hefur beitarálag minnkað í kjölfar Móðuharðindanna en í skóginn var mikið sótt af bændum úr lágsveitum sýslunnar til kolagerðar. Á árunum 1834-1836 eyddust svo jarðir í Landsveit að sumar fóru í eyði svo sem Skarfaness og Skógarkot. Jörðin Mörk náði yfir stóran hluta Landskóga og var skógurinn helsta hlunnindi jarðarinnar. Björn var í vinnumennsku hjá Jóni ríka í Mörk en Jón var af samtíðarmönnum sínum álitinn lang fjárríkasti bóndi sveitarinnar og hafði fjárhús víðs vegar í Landskógum og talið að fé hans lifði á útigangi einum. (Guðmundur Árnason, 1958). Jón ríki var fjárríkur sjálfeignabóndi en algengast var að bændur væru leiguliðar. Jón bjó í Mörk 1827-1859. Uppblástur og sandágangur ágerðist á þeim tíma og sáu menn að land myndi eyðast að fullu ef ekkert yrði að gert. Fyrir 1851 var Minnivallalækur ekki til en til var lækur sem nefndur var Stóruvallalækur og rann hann framhjá Stóru-Völlum, beygði við Hríshóla, rann í þrem stuttum kvíslum og síðan til suðurs við Dráttarhól og hvarf þá í hraunið. Vatnið kom síðan upp við Lækjarbotna og rann í Bjallalæk. 1851 tóku bændur sig til og sendu einn mann frá hverjum bæ til stíflugerðar og voru um 50 manns í 2 daga við stíflugerð. Vera má að Björn vinnumaður á Mörk hafi tekið til hendinni þarna. Í stað þess að Stóruvallalækur hyrfi í hraunið var honum veitt framhjá Minnivöllum og í Vindásós í Þjórásá (Jón Árnason, 1967) og smám saman breyttist nafn lækjarins í Minnivallalæk. Sandgárar fundu fyrirstöðu við læki og gátu lækir heft framrás sandgáranna. Þegar Kýraugastaðir eyddust 100 árum fyrr, þá var nýr bær byggður við ármót Bjallalækjar og Tjörfastaðalækjar til að nýta sér þessa fyrirstöðu. Við stíflugerð þessa minnkaði vatn í Bjallalæk töluvert og í dag má sjá merki þess því bakkar beggja vegna lækjarins hafa gróið fram í árfarveginn. Sést þetta greinilega t.d. við Lækjarsel.

Bjarni Björnsson fæðist 15.6.1862 í Hjallanesi og elst þar upp hjá foreldrum og í hópi 10 systkyna sem komast á legg. Hann fór til sjóróðra strax eftir fermingu eins og þá var títt um unga menn og réri hann þá fyrst í Njarðvíkum en þó lengst af í Höfnum suður. Stundaði hann sjóróðra bæði um vor- vetrar- og haustvertíðir. Kom þá fljótt í ljós dugnaður



sá og áhugi er í honum bjó (Finnbogi J. Arndal, 1943). Björn, sonur Bjarna, segir hann hafi farið á 9 vertíðir og hafi lengst af verið þar hjá Bjarna Guðnasyni (Björn Bjarnason, 1986) en líklegt er að hann hafi farið þessar ferðir sem lausamaður en margar áður sem vinnumaður. Á þeim tíma voru vistarbönd og nauðsynlegt að vera í vist hjá bónda. Hægt var þó að kaupa sér lausamannsbréf (með breytingu á lögum 1863 en slíkt hafði verið bannað eftir móðuharðindin) og þá var maður ekki bundinn í vist hjá ákveðnum bónda og gat unnið fyrir sjálfan sig, t.d. í sjóróðrum. Vinnumenn bænda sem fóru á vertíð þurftu að skila öllum ávinningi vinnu sinnar til bóndans. Bændur voru flestir leiguliðar eins og sjá má á eftirfarandi samantekt: Árið 1696 voru 16,2% jarða í eigu dönsku krúnunnar, 31,9% í eigu kirkjunnar og 51,9% var í einkaeigu, þar af voru 24% alls lands í eigu 1% húsráðenda. Því voru 94% allra lögbýlisbænda leiguliðar (Gísli Gunnarsson, 1987) og breyttist þetta lítið 18., 19. og fram á 20. öld. Eingöngu var hægt að fá lausmannsbréf ef viðkomandi var orðinn 25 ára (Gunnar Karlsson, 2008) svo Bjarni gat ekki eignast slíkt fyrr en eftir 15.6.1887. Vistarböndin voru síðan að mestu afnumin 1894 en þá gat fólk á aldrinum 22-30 ára fengið lausamannsbréf gegn lágu gjaldi og ókeypiss ef 30 ára aldrinum var náð (Gunnar Karlsson, 2009).

Upp kom fjárkláði, af völdum kláðamaurs, sem geisaði frá 1855 til 1859 og áður en yfir lauk var þá búið að skera niður 82% búfjárstofnsins í Rangárvallasýslu (Gunnar Karlsson, 2009). Jón ríki brá þá búi 1859.

Á uppvaxtarárum Bjarna er árferði þokkalegt og jákvæð teikn á lofti, t.d. þegar Bjarni var 12 ára, kom Kristján IX konungur með stjórnarskrá handa Íslendingum. en þegar hann nálgast tvítugsaldurinn fór veður að versna.

Árið 1881 voru þurrkar í Landsveitinni og þegar veturinn gekk í garð var lítið um heyforða. veturinn þokkalegur en þá um páska: Ofsa norðaustan veður með hörkugaddi og óstæðum stormi, svo að varla eða ekki varð fært húsa eða bæja á milli og flestar skepnur urðu að vera þar, sem þær voru komnar. Stóð þannig óslitið og hvíldarlaust í hálfan mánuð. Ýfðist þá þegar hver moldar- og sandgári, sem til var í veðurstöðu, og rótaðist upp í grenjandi blindbyl af mold, sandi og mól yfir dautt og lifandi, yfir grösugar lendur, tún og engi, svarf af mest alla, og víða alveg alla, grasrót á stórum svæðum, einkum ofan til, á harðlendinu, og fyllti allt, hús og bæi og hvert skjól og skot af sandsköflum, líkt og þegar mest fennir í miklum snjóskafbyl. Var veður þetta svo mikið, að við ekkert varð ráðið, og fáir treystust til úti að vera og reyna að bjarga einhverju af útipeningi. Er svo sagt að þeim fáu hreystimönnum, sem þá hættu sér út, að þeir hafi ekkert komist móti veðri, nema með því að halda skóflu eða rekublaði, eins og skildi, fyrir andlitinu, og þó með mestu herkjum komist nokkuð áfram; en þó litlu áorkað til bjargar. Veður þetta geisaði auðvitað einnig um

mestalla Rangárvallasýslu og Árnessýslu og víðar, en varð þó grimmast og gerði mestan usla í Landsveit og efri hluta Rangárvalla. Stöðug ótíð, þurr og kalt fram á Jónsmessu. Búfénaður féll í hrönnum, einnig hross og þurftu að flytja sinn skorna nauðsynjaskammt að sér og frá sér á eigin baki. "Guð hjálpaði þeim sem hjálpuðu sér sjálfir" (Ófeigur Vigfússon 1934 Tímaritið Óðinn, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg 30:20-36, endurprentað í Landmannabók).

Uppblástur hélt áfram og er hér lýsing samtímamanns Bjarna á ástandinu 4 árum síðar, 1885: Eftir Landsveitinni gengu þrír sandgárar fyrrum, þangað til í vetur. Hinn austasti kemur innan af afrétti, milli Búrfells og Heklu. Gengur hann fram eftir öllu Landinu, fram með Rangá: sá gári hefur nú nýlega gjöreytt Stóra Klofa, Litla Kofa, Borg og Stóruvelli, og stefnir fram lengra, og er að gjöreyða Tjörfastaði, og svo Húsagarð, Bjalla, Lunansholts-engjar, Efrasel og Neðrasel. Sandröst þessi er hátt á þriðju mílu (yfir 3 km) á lengd þar sem er í byggð, og sums staðar um og yfir 1/4 mílu á breidd. Miðgárinn tekur sig upp inni við Þjórsá fyrir innan Skarfanes, og er í fyrstu kominn innan af Þjórsárdalsvikrum fyrir ofan Þjórsá. Eyddi mörgum býlum en þó flestum aðeins tímabundið. Sá gári er um 2 mílur á lengd, en mjórri en hinn. Í vetur náðu þeir saman um Mörk og má telja þá jörð nú gjöreydda. Þriðji gárinn gengur fyrir vestan Skarðsfjall og hefur gjöreytt Árbæ og vofir yfir Hvammi (Jónas Jónasson, 1885).

Á þessum tíma var Bjarni vinnumaður og við fáum innsýn í aðstæður hans á þessum tíma því upp kemur dómsmál sem höfðað var gegn Daníel Þorsteinsyni úr Kaldárholti. Úr dómskjöllum er Bjarni Björnsson árið 1885 vinnumaður á Blesastöðum á Skeiðum hjá bóndanum Þorbirni Einarssyni og átti hann að róa um veturinn á Vatnsleysuströnd. Var það á ábyrgð bóndans að búa hann út með mat og aðrar nauðsynjar og samdi hann við Daníel Þorsteinsson úr Kaldárholti að flytja útbúnað Bjarna til Hafnarfjarðar því hann var á leið þangað með hesta. Með í för var Ágústínus, sonur Daníels. Þegar þeir nálguðust Hafnarfjörð sendir Daníel Bjarna og Ágústínus með bréf til Reykjavíkur en heldur sjálfur áfram för til Hafnarfjarðar og skilur búnað Bjarna eftir í Oddsbæ í Hafnarfirði. Þegar Bjarni hittir Daníel aftur, þá segir hann allur búnaðurinn sé þar að finna en þegar Bjarni fer í Hafnarfjörð verður hann þess var að það vantaði 15 merkur (3,75 kg) af smjöri. Skrifar hann Daníel, sem farinn var heim, um smjörið. Seinna um veturinn fékk hann svar þar sem Daníel gengst við stuldinum og býður honum lamb á fóðrum í skiptum fyrir smjörið. Gekk Bjarni eftir borguninni ítrekað en Daníel borgaði ekki. Um haustið 1886 (rúmu ári eftir stuldinn) fer Bjarni loks í Kaldárholt og merkir sér lamb að boði Daníels sem tryggingu fyrir borguninni. Bjarni fær hinn bóndann í Kaldárholti til að brennimerkja sér lambið. Bjarni var þá vinnumaður á Læk í Holtum hjá Gunnlaugi Guðbrandssyni og var sendur til

sjós um veturinn. Gunnlaugur vitjar um lambið hjá Daníel en fékk ekki og á Daníel að hafa sagt að hann fengi það aldrei. Björn, faðir Bjarna, hætti búskap 1886 og er áfram í Hjallanesi ásamt eiginkonu sem vinnumaður hjá Lýð Árnasyni þeim sem tók við búskap eftir Björn. Bjarni skrifar föður sínum og gefur honum lambið ef hann getur fengið það hjá Daníel en fær ekki. Vorið 1887, þegar Bjarni var á heimleið, hittir hann Daníel sem segir að lambið hafi króknað en þegar heim var komið fréttir hann að lambið hafi verið sent í Árnes en um haustið kemur lambið úr Árnesinu og fer í vörslu húsbónda Björns en lambið hafði verið endurmarkað og reynt að afmá brennimark Bjarna af því. Sýslumaður Rangárvallasýslu fær þetta mál til meðferðar 1888 og finnst ástæða til að höfða mál gegn Daníel fyrir stuldinn og eru haldin dómþing 1889 um sumarið og aftur um haustið, 25.10.1889. Eftir vitnaleiðslur og frekari rekstur málsins sem hér verður ekki rakinn, er Daníel dæmdur til fangelsisvistar um vikutíma en það þótti mikil skömm. Sonarsonur Daníels, skrifar bók (Guðmundur Daníelsson, 1981) sem hann kallar heimildaskáldsögu og þar skáldar hann í eyðurnar þar sem heimildum sleppir, eða svo er lesanda talið trú um. Hið rétta er, að hann víkur frá heimildum í veigamiklum atriðum til að fegra aðkomu afa síns að þessu máli.

Björn Bjarnason deyr 12.8.1889 í Hjallanesi áður en málið er til lykta leitt, svo er einnig um konu hans, Guðrúnu, en hún deyr á Hellum 30.4.1889 og hafði Lýður bóndi áður ekki viljað halda henni í vinnumennsku og sagt hana á sveitina á árabilinu 1886-1888.

Tveir synir Björns hétu Bjarni, fæddir með ársmillibili, 1862 og 1863. Ofangreind deilumál við Daníel átti Bjarni sá, sem síðar var vinnumaður á Lunansholti en sá eldri var langafi höfundar og var vinnumaður í Hjallanesi eftir að Björn brá búi. Bjarni var sendur til vetrarvertíðar 1889 og sagði þá upp vistinni hjá Lýð. Líklegt er að hann hafi þá verið búinn að kaupa sér lausamannsbréf þegar það gerðist. Venjulega voru vinnumenn ráðnir 1 ár í senn (í maí, vinnuhjúaskildagi) en Lýður undi því illa að Bjarni sagði upp vistinni og höfðaði dómsmál gegn Bjarna um vorið og segir Bjarna hafa verið ráðinn frá hausti. Engar heimildir finnur höfundur um að mál þetta hafi haft einhver áhrif en Bjarni var þá kominn í vinnumennsku í Flagbjarnarholti (Efri-Flagveltu) og var þar ýmist sem vinnumaður eða lausamaður fram til vors 1895 (Finnbogi J. Arndal, 1943) er hann hóf búskap með Margréti Einarsdóttur.

Þeir bræður og alnafnar, Bjarni Björnsson, þóttu svipaðir í útliti og það hlýtur að hafa verið stundum erfitt að aðgreina þá og þá gripið til viðbótarnafnagifta, liggur nærri að aðgreiningin hafi verið Bjarni eldri og Bjarni yngri framanaf en eru það getgátur.

Hugsanlegt er að notast hafi verið við sterka og veika beygingu á nafni Björn í eignarfalli: (sterk: Bjarnar; veik: Björns) og hafi Bjarni eldri skrifað sig Bjarni Bjarnarson en svo var

hann skrifaður í manntali 1890). Eftir dómsmálin sem hér að ofan voru rakin, þá voru þeir stundum aðgreindir í gamni með góði Bjarni og vondi Bjarni (R.Ó., 1945) og kann það að eiga skírskotun til þess að vondi Bjarni kom manni í tugthúsið.

Í Flagbjarnarholti var Bjarni vinnumaður hjá Jóni Jörundssyni og Helgu Árnadóttur. Jón hóf búskap með Helgu eftir að fyrri eiginmaður hennar dó 1875 og voru 15 ára aldursmunur á milli þeirra. Jón var formaður Framfarafélags Landmanna frá stofnun 1888 til 1893. Helga átti engin börn, hvorki með fyrri eiginmanni né Jóni. Í staðinn tóku þau að sér fósturbörnin Guðný Halldórsdóttir og Finnboga Jóhannsson. Finnbogi og Bjarni voru systkynabörn; móðir Bjarna og faðir Finnboga voru börn Jóns ríka, sem áður er getið. Finnbogi menntaðist og gerðist kennari í Arnarfirði og tók þá upp ættarnafnið Arndal, bóndi í 1 ár í Flagbjarnarholti og síðar lögregluþjónn í Reykjavík og fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði. Hann skrifaði minningargrein um Bjarna eftir að hann lést en einnig liggja ýmis ritverk eftir hann. Um veru þeirra í Flagbjarnarholti skrifar Finnbogi; Bjarni var mér minnisstæður fyrir það hversu hann var mér einlægur og góður. Notaði hann hvert tækifæri sem gafst til þess að brýna fyrir mér hversu mikilvert það væri að sýna trúmennsku og skyldurækni í hverju verki og að vera heill og sannur í öllu gagnvart samferðamönnunum á lífsleiðinni. Hann lagði áherslu á það að eitt af því eftirsóttarverðasta væri það að ávinna sér nafnbótina: "drengur góður" (Finnbogi J. Arndal, 1943).

Bjarni virðist hafa efnast á vinnumenskunni/lausamenskunni því hann kaupir 5,1 hundrað í Tjörfastöðum 8.11.1895 og hefur síðan búskap þar með Margréti Einardóttur 1896. Í lok ágúst og byrjun september verða nokkrir stórir jarðskjálftar, svokallaður Suðurlandsskjálftar en þeir eru yfir 6 á Richterskala, og hrynja húsin á Tjörfastöðum. Þá lokast Margrét inni í húsgöngunum en sakar ekki (Margrét Hannesdóttir föðursystir höfundar, munnlega heimild). Bjarni endurbyggir húsin á Tjörfastöðum. Ári seinna giftast þau 4.6.1897 og eignast saman sitt fyrsta barn, Guðrúnu, sem fæðist 2.9.1897. Um vorið kaupir Bjarni 1/3 hluta til viðbótar í Tjörfastöðum og hefur því eignast nánast alla Tjörfastaði, orðinn sjálfeignabóndi en selur Tjörfastaði (11/12 hluti) þann 3.2.1898. Selur hann 68,5 alin í Efraseli 23.4.1898 en flytjast þangað sama ár. Uppfok í landi Tjörfastaða var ástæðan fyrir brottflutningi frá Tjörfastöðum (R.Ó. 1945). Margrét átti 1/3 hlut í Neðraseli og selja þau þann hlut 11.5.1899 en kaupa 5/7 hluta í Efraseli 10.10.1899 og eignast síðar hann allan. Hvernig Margrét eignaðist hlut í Neðraseli og hugsanlega einnig þessi 68,5 alin í Efraseli er ekki vitað. Hvort barnsfaðir hennar, Þorsteinn Þorbergsson Ameríkufari eða fjölskyldan í Haukadal hafi þar átt hlut að máli er ekki vitað. Engar heimildir eru til um að Margrét hafi orðið sér úti um lausamannabréf heldur.

Í Efrasel eignast þau sitt annað barn, Steinunni, fædd 6.12.1900. Um það leyti flytur móðir Margrétar, Þorbjörg, ásamt eiginmanni sínum til þeirra í Efrasel (er þar í manntali 1901) og deyr hún þar 4.9.1902 en 2 mánuðum seinna, 29.11.1902, eignast Margrét sitt 4. og Bjarni sitt 3. barn, Björn. Eitt barn eignast þau enn, Jónína Guðbjörg, f:22.9.1904 en hún deyr 22.12. sama ár. Hin 4 börnin alast upp á Efrasel. Þegar Bjarni og Margrét tóku við á Efrasel voru hús og annað í töluverðri niðurníðslu en innan fárra ára voru komin upp góð hús fyrir fólk og fénað og túnið bætti hann svo, í sinni búskapartíð, að töðufengur óx meira en um helming. Þess utan gerði hann fjárhelda girðingu um tún og engjar jarðarinnar (Finnbogi J. Arndal, 1943). Á þessum tíma og fyrr var mjög erfitt að gera fjárheldar girðingar því hlaða þurfti garða úr steinum og torfi því nútímagirðingarefni eins og staurar, net og gaddavír voru almennt ekki til staðar.

Bjarni var hugmaður mikill að hverju sem hann gekk og kunni því illa hjá öðrum, að slælega væri gengið til verks. Kom það eigi síður fram hjá honum, þegar unnin voru verk sem aðrir áttu að þiggja en hann sjálfur. Trúmennsku hans og húsbóndahollustu var viðbrugðið meðan hann stundaði vinnumennsku hjá öðrum og viðskipti hans við menn mótuðust alla æfi af orðheldni og áreiðanleik í hvívetna. Stjórnsamur var hann og uppörvandi við heimilisstörf en þó nærgætinn við hjú sín og vildi ekki vita vanlíðun þeirra í neinu (Finnbogi J. Arndal, 1943). Bjarni var gildur bóndi og atorkumaður mikill, átti brennandi hjarta, ríkan áhuga fyrir hag sínum og sinna. en hann átti líka viðkvæmni fyrir kjörum annarra og áreiðanlega mildar tilfinningar í brjosti sér og heimshyggja hans var ekki annað en álagahamur utan um hreina og barnslega sál (R.Ó. 1945). Líklegt er að R.Ó. hafi haft aðrar stjórnsmálaskoðanir en Bjarni en eftir því sem Björn, sonur Bjarna, segir þá trúði hann á einstaklingsframtakið, hafði ákveðna og skýra hugsun og fylgdist vel með landsmálum, studdi íhaldið. Bjarni var dálítill selskapsmaður og þótti gott í staupi þó í hófi. Var mannblendinn en baktalaði ekki fólk. Þegar tími var til, las Bjarni talsvert, einnig húslestra og passúsálma á föstunni. Hann var stór vexti með rautt alskegg. Borgaði vinnuhjúum sínum vel. Bjuggu þau Margrét meira en miðlungbú; 14-16 hross, 300 fjár og átti alltaf góða hesta (Björn Bjarnason, 1986).

Um Margréti hef ég ekki fundið margar lýsingar en hún var sögð vinnusöm. Sonur hennar, Björn, hélt mikið uppá hana.

Þó bú Bjarna og Margrétar hafi stækkað með tímanum þá voru þau ekki laus við jarðeyðingu í formi uppblástur og áfoks. Á þessum tíma var Efrasel með sameiginlega úthaga með Bjalla og Neðraseli. Uppblástur var mikill uppi á hrauninu norður af og Tjörfastaðir fóru í eyði nokkrum árum eftir að Bjarni og Margrét fluttu þaðan. Bærinn á Bjalla var fluttur 1908 vegna uppblásturs. Í dag má sjá hvar uppblásturinn var kominn yfir

hæðina vestan við Gamla-Bjalla en er nú gróinn. Einnig má sjá ummerki uppblásturs í Suðurskörðum og Norðurskörðum. Suðurskörð eru rétt austan við Bjallaveg og sunnan við Miðsel og Norðurskörð eru við Bjallaveg, austan megin og rétt sunnan við afleggjarann að Lækjarseli.

Bjarni smitaðist af taugaveiki (sem salmonella veldur) og lá tvisvar veikur og náði sér ekki vel í seinna skiptið. Hann lá veikur í 22 mánuði áður en hann dó 8.1.1943 þá kominn yfir áttætt. Margrét bjó áfram í Efraseli en sonur hennar, Björn, hafði þá tekið við búskap þar nokkrum árum fyrr (1931). Sama ár og Bjarni dó, þá óskar bóndinn í Neðra-Seli, Loftur Jakobsson eftir skiptum á sameiginlegu landi jarðanna Neðra-Sels, Efra-Sels og Bjalla, þ.e. landi Kýraugastaða. Hann var þá að verða 72 ára, 10 barna faðir og farinn að huga að því að hætta búskap. Samkvæmt bréfi hans til sýslumanns 26.10.1943, þá hafði honum verið kynnt nýju landskiptalögin, sem sett höfðu verið 2 árum fyrr. Tímamunktur skiptanna var honum hagfelldur en kom sér illa fyrir bændur í Efra-Seli, þar sem ábúandi átti ekki jörðina og eigandinn kominn á níræðisaldur. Skipti fara fram 1944 eftir jarðamati frá 1861 eins og Landskiptalög segja til um. Eftir skiptin er Loftur ekki ánægður með að missa engjar sínar við Grófarbotna og óskar eftir yfirskiptum. Yfirskipti fara fram 3.7.1945 og hér breytast landamerki; Bjalli fær um 10 hektara af landi Efra-Sels og Neðra-Sel fær 5 hektara af landi Efra-Sels. Land það sem Sandgræðslan tekur er á svæði Bjalla samkvæmt fyrri skiptum og virðist Bjalli fá landið sem gengur undir nafninu Gamli-Bjalli (gamla bæjarstæði Bjalla) sem sárabætur fyrir landið sem Sandgræðslan tók yfir. Ingvar Árnason bóndi á Bjalla var í forsvari. Ingvar var 54 ára og búinn að búa á Bjalla í 30 ár og orðinn formaður Framfarafélags Landmanna en skiptamenn voru einnig í stjórn Framfarafélagsins. Margrét dó ári síðar eða 13.12.1946.

## Afkomendur

Um afkomendur Bjarna og Margrétar eru til töluverðar heimildir og vita margir núlifandi menn meira um þá en höfundur. Hér verður því aðeins tæpt á nokkrum atriðum.

Jónsi (Jón Þorsteinsson), sonur Margrétar, var elstur, fæddur 1984, og ólst hann upp með hálf systkinum sínum; Guðrúnu, fædd 1897, Steinunni, fædd 1900 og Birni, fæddan 1902. Jónsi giftist Bergþóru Hermanníu Helgadóttur, f: 25.2.1891, d: 15.12.1977 og eignuðust þau dótturina Oddnýju Sigurlaugu Jónsdóttur, f: 7.3.1935, d: 15.5.1970. Frá henni er kominn stór ættbogi. Jónsi var bóndi á Litlu-Vallá og víðar.

Guðrún Bjarnadóttir, f: 2.9.1897, d: 26.12.1957, ólst upp á Efra-Seli en fór síðan Kennaraskólann og útskrifaðist þaðan 1921 og vann sem kennari fram til 1925 er hún

kom á Vallá á Kjalarnesi. Þar kynntist hún syni bóndans, Magnúsi Benediktssyni og giftist honum sama ár, 22.10.1925. Tóku þau síðan við búi nokkrum árum seinna. Guðrún var hjartahlý, alvörukona, sem hélt sér ekki fram eða lét bera á sér. En hún átti til sterkan vilja, ákveðnar skoðanir og seiglu í starfi. Guðrún var vel ritfær, hafði gott vald á íslensku máli og hagrirt. (Jónas Magnússon, 1958). Þegar hún fékk hlut lánaðan fylgdi alltaf vísa með og eru til margar vísur eftir hana. Systurdóttir hennar, Margrét Hannesdóttir, sem einnig lagði kennarastarfið fyrir sig, munaði ekki um að fara með eftirfarandi vísu eftir Guðrúnu:

Erfið var gangan og oft varstu þreytt  
því ætið var langur þinn dagur  
að þér væri skyldunni þolgæði veitt  
og þess vegna var endirinn fagur

Þú öllum varst trúföst og léðir því lið  
sem leist þér við mannbyggðar hæðir  
guð þér nú veiti þá gleði og þann frið  
sem gekkstu á mis við um ævi.

Guðrún hafði yndi af bókum og átti góðan bókakost. Á aðfangadag 1957 vann hún heimilisstörf eins og hún var vön, lagðist síðan í rúmið með góða bók en morguninn eftir, jóladag, hafði hún misst meðvitund og dó síðan að sólarhring liðnum. Þau Guðrún og Magnús eignuðust 5 börn; Sigrún Magnúsdóttir, f:10.2.1926, Drengur Magnússon, f:13.3.1927, d: 8.6.1927, Marta Björklund, f: 3.4.1928, Benedikt Steinar Magnússon, f:16.5.1929, d: 31.12.1970 (fyrirtækið B.M. Vallá heitir eftir honum) og Bjarnhildur Gréta Magnúsdóttir, f: 22.8.1930.

Steinunn Bjarnadóttir, f: 6.12.1900, d: 4.8.1975 ólst upp á Efra-Seli. Hún var farin að ferðast um sveitina og sauma fatnað á fólk nokkuð snemma. Hún giftist 24.6.1929, Hannesi Friðrikssyni, f: 9.10.1892, d: 11.1.1985 og hófu búskap á Arnkötlustöðum og bjuggu búi til 1962 en dvöldu þar æ síðan á sumrin en í Reykjavík á veturna. Þau eignuðust 7 börn; Hulda Hannesdóttir, f: 24.3.1930, d: 1.3.2006, Margrét Hannesdóttir, f: 9.11.1931, Guðmundur Eiður Hannesson, f: 12.9.1933, d: 17.1.1975, Bjarni Hannesson, f: 29.9.1934, Salvör Hannesdóttir (Sella), f: 20.11.1936, d: 25.11.2016, Ketill Arnar Hannesson, f: 4.12.1937, d: 3.7.2014 og Áslaug Hannesdóttir, f: 23.3.1943, d: 16.4.2010. Frá þeim er kominn stór ættbogi, sem m.a. höfundur er hluti af.

Björn Bjarnason, f: 29.11.1902, d: 27.8.1988, ólst upp á Efra-Seli. Björn kvæntist 19.5.1931 Guðrúnu Lilju Þjóðbjörnsdóttur, f: 7.5.1896, d: 3.8.1972 og tóku við búi á Efra-Seli sama ár. Björn bjó á Efra-Seli en fór á 19 vertíðir en var fyrst og fremst bóndi og brá

brúí 1966. Þjuggu síðan í Garði á Reykjanesi á veturna en á Efra-Seli á sumrin. Þau eignuðust 5 börn; Bjarnheiður Björnsdóttir, f: 13.2.1932, d: 15.1.2019, Margrét Björnsdóttir, f: 28.4.1933, Gyða Fanney Björnsdóttir, f: 25.9.1934, Indriði Björnsson, f: 28.5.1939 og Guðbjartur Björnsson, f: 28.5.1939.

## Niðurlag

Hér hefur verið farið yfir vítt svið bæði í tíma og rúmi þar sem Lækjarsel og ættbogi þeirra sem þar búa er skoðaður. Vonandi er ritið áhugaverður fróðleikur fyrir afkomendur og þá sem dvelja í Lækjarseli.



# Heimildaskrá

Ari Brynjólfsson (1959). *Staðsetning fornbylanna Skars eystra og Tjaldastaða á grundvelli nýrra rannsókna*. Náttúrufræðingurinn; 1959; 29 (3.h.) s. 133-153

Arnór Sigurjónsson (1958). *Ágrip af gróðursögu landsins til 1880*. Sandgræðslan. Minnst 50 ára starfs sandgræðslu Íslands. Búnaðarfélag Íslands og Sandgræðsla ríkisins.

Árni Hjartarson (2016). *Ferilefnaprófanir í Landsveit*. Vatnsvernd við Tvíbytnulæk og Kerauga. ÍSOR-2016/067, Verk nr. 16-0002

Árni Óla (1962). *Púsund ára sveitaborp*. Úr sögu Þykkvabæjar í Rangárþingi. Þjórsárholtin. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs, s 9

Björn Bjarnason (1986). Frásögn Björns um foreldra sína, Bjarna og Margréti. Skráð á Hellu 1.5.1986 af Bjarna Hannessyni og Helgu Halblaub.

Brynjúlfur Jónsson (1898). *Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu*. Árbók hins íslenska fornleifafélags; 13. árg., 1898

Friðrik G. Olgeirsson (2007). *Saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007*. Landgræðsla ríkisins.

Gísli Gíslason, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Guðrún Lára Sveinsdóttir (2018). Forsendur og umhverfisskýrsla. *Rangárþing Ytra. Aðalskipulag 2016-2028*. Efla og Steinsholt.

Gísli Gunnarsson (1987). *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Guðmundur Árnason (1958). *Uppblástur og eyðing býla í Landsveit*. Sandgræðslan. Minnst 50 ára starfs sandgræðslu Íslands. Búnaðarfélag Íslands og Sandgræðsla ríkisins.

Guðmundur Daníelsson (1981). *Bókin um Daníel*. Heimildarskáldsaga um Daníel afa minn. Reykjavík: Setberg.

Guðmundur E. Sigvaldason (1974). *Um bergfræði Heklu*. Náttúrufræðingurinn; 1974; 44(2): s. 153-170

Guðrún Bjarnadóttir (1954). *Örnefni í Efra-Seli*. Óútgefið, skrifað í maí 1954 að Vallá.

Gunnar Karlsson (2008). *Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874*. Saga Íslands IX. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Gunnar Karlsson (2009). *Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918*. Saga Íslands X. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Finnbogi Guðmundsson (1983). *Þorsteinn Halldórsson, skrifarinn mikli í Skarfanesi*. Landsbókasafn Íslands – Nýr flokkur. 9:47-59

Finnbogi J. Arndal (1943). *Bjarni Björnsson Efra-Seli*. Ísafold og Vörður: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og útgáfustjórn Ísafoldar: 30.10.1943; s. 9

Guðrún Ása Grímsdóttir (1996). *Hvað segja heimildir um uppruna Íslendinga? Um landnám á Íslandi*. Fjórtán erindi. Reykjavík: Vísindafélag Íslendinga. Ráðstefnurit V.

Guðrún Larsen (1996). *Gjóskutímatatal og gjóskulög frá tíma norræns landnáms á Íslandi*. *Um landnám á Íslandi, fjórtán erindi*. Vísindafélag Íslendinga 1996; s. 81-106

Halldór Vigfússon (1979). *Bjarni Halldórsson á Víkingaslæk*. 300 ára minning. Lesbók Morgunblaðsins 54(23), bls. 12.

Ingólfur Einarsson (1987). *Landmannahreppur. Sunnlenskar byggðir V*. Búnaðarsamband Suðurlands, 121-199

Jakob Benediktsson (1996). *Ritaðar heimildir um landnámið*. *Um landnám á Íslandi*. Fjórtán erindi. Reykjavík: Vísindafélag Íslendinga. Ráðstefnurit V.

Jón Árnason (1967). *Þegar Stóruvallalækur var skorinn fram*. Goðasteinn (tímarit um menningarmál); 6 (2): bls. 35-38.

Jón Steffensen (1957). *Líkamsvöxtur og lífsafkoma Íslendinga*. Saga, tímarit Sögufélagsins. 2: 3, 280-308.

Jónas Jónasson (1885). *Sandeyðingin í Rangárvallasýslu*. Ísafold. 36: 19.8.1885, bls. 143-144. Prestur Stóruvöllum.

Jónas Ketilsson, Sigríður Magnea Óskarsdóttir (2010). *Vatnsveita í landi Efra-Sels í Landsveit: forathugun*. Orkustofnun. OS-2010/01. 978-9979-68-274-5

Jónas Magnússon (1958). *Frú Guðrún Magnúsdóttir, minningarorð*. Morgunblaðið. 3.1.1958, bls 7.

Magnús Stefánsson (1975). *Þjóðveldiskirkjan skipulögð*. Saga Íslands II. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. bls. 61.

Pétur Zophoníasson (1983). *Víkingslækjarætt I*. Skuggsjá

Pétur Zophoníasson (1988). *Víkingslækjarætt IV*. Skuggsjá

R.Ó. (1945). Svipir framliðinna. *Minning nokkura Landmanna*. Tíminn. Framsóknarflokkurinn. Reykjavík. 29:18 blað, 6.3.1945

Sigurbjartur Guðjónsson (1987). Djúpárhreppur. *Sunnlenskar byggðir V*. Búnaðarsamband Suðurlands, 403-432

Sigurður J. Sigurðsson (1987). Holtahreppur. *Sunnlenskar byggðir V*. Búnaðarsamband Suðurlands, 201-290

Sigurjón frá Þorgeirsstöðum (1965). Reykjavík. *Ormur Halldórsson. Íslensk örlagasaga úr Móðuharðindunum*. Vikan. 27: 10.6.1965, 23 tölublað, bls. 20-23.

Skúli Guðmundsson (1941). *Formálinn sem aldrei var birtur*. En var birtur að hluta í Fréttabréfi Ættfræðifélagsins í mars 2005. (Átti að birtast í ættfræðibók Víkingslækjarættar)

Sturla Friðriksson (1988). *Rofhraði mældur*. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. Búvísindi: ICEL. AGR. SCI. 1, 1988: 3-10

Sturla Friðriksson (1996). Nýting lands. *Um landnám á Íslandi*. Fjórtán erindi. Reykjavík: Vísindafélag Íslendinga. Ráðstefnurit V. bls 135-148

Valgeir Sigurðsson (1982). *Rangvellingsbók*. Saga jarða og ábúðar í Rangárvallahreppi. Fyrra bindi og síðara bindi. Hella: Rangárvallahreppur.

Valgeir Sigurðsson og Ragnar Böðvarsson (2003). *Landmannabók*. Landsveit. Hella: Rangárþing Ytra.

Valgeir Sigurðsson o.fl. (2006). *Holtamannabók I*, Holtahreppur. Hella: Rangárþing Ytra.

Vigfús Guðmundsson (1952). *Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum*. Árbók hins íslenska fornleifafélags. 51:91-164

Vigfús Guðmundsson (1953). *Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum*. Árbók hins íslenska fornleifafélags. 52:5-79

Þorsteinn Oddsson (1987). Rangárvallahreppur. *Sunnlenskar byggðir V*. Búnaðarsamband Suðurlands, 7-117